# FRÉTTABLAÐIÐ

169. TÖLUBLAÐ 16. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — ÞRIÐJUDAGUR 19. JÚLÍ 2016




**Beðið eftir pylsum** „Á góðviðrisdögum er mikið að gera. Það fylgir. Nú er náttúrulega mikið af túristum í bænum," segir Guðrún Björk Kristmundsdóttir, eigandi Bæjarins beztu pylsna, en löng röð var fyrir utan staðinn í gær. Guðrún segir það vera blandaðan hóp Íslendinga og ferðamanna sem kaupa sér pylsur á staðnum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Hunsar þöggunartilmæli lögreglustjóra

**Lögreglustjórinn í Vestmannaeyjum mun ekki tilkynna jafnóðum um kynferðisbrot á Þjóðhátíð. Hefur beðið Neyðarmóttöku Landspítalans um að viðhafa sömu reglu. Verkefnastjóri móttökunnar hafnar beiðninni og segir stefnu spítalans að upplýsa um atvik.**

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglustjórinn í Vestmannaeyjum segir að lögreglan muni ekki upplýsa fjölmiðla jafnóðum um tilkynnt kynferðisbrot á Þjóðhátíð um verslunarmannahelgina. „Ekki frekar en á öðrum árstímum," segir Páley Borgþórsdóttir í svari við fyrirspurn Fréttablaðsins.

„Enda ekki minna um vert að tryggja rannsóknarhagsmuni og velferð brotaþola þessa helgi og gildir þá einu hver vilji fjölmiðla er."

> Neyðarmóttakan mun halda uppteknum hætti og gefa upplýsingar um fjölda mála sem koma upp.
>
> Hrönn Stefánsdóttir, verkefnastjóri Neyðarmóttöku Landspítalans



> Enda ekki minna um vert að tryggja rannsóknarhagsmuni og velferð brotaþola þessa helgi og gildir þá einu hver vilji fjölmiðla er.
>
> Páley Borgþórsdóttir, lögreglustjóri í Vestmannaeyjum



Afstaða Páleyjar hefur því ekki breyst frá því í fyrra þegar málið komst í hámæli í fjölmiðlum. Var Páley meðal annars gagnrýnd fyrir að senda öðrum viðbragðsaðilum kynferðisbrota bréf og biðja um að sama verklag yrði notað þar.

Páley hefur nú þegar haft samband við Neyðarmóttöku Landspítala fyrir þolendur kynferðisofbeldis og beðið um að fjölmiðlum séu ekki gefnar upplýsingar um kynferðisbrot sem koma þar inn á borð um verslunarmannahelgina.

„Neyðarmóttakan mun halda uppteknum hætti og gefa upplýsingar um fjölda mála sem koma upp. Við erum ekki að fara að breyta því," segir Hrönn Stefánsdóttir, verkefnastjóri Neyðarmóttökunnar. „Stefna Landspítalans er að gefa upplýsingar um fjölda mála sem koma inn á okkar borð án þess að fara út í nánari útlistanir á málum." – **ebg, ngy** / **sjá síðu 6**

## MS-forstjórinn þáði 37 milljónir við starfslokin

**VIÐSKIPTI** Einar Sigurðsson, fyrrverandi forstjóri MS, fékk 37,3 milljónir króna í starfslokagreiðslur.

Einar tilkynnti í byrjun árs 2015 að hann ætlaði að láta af störfum en myndi þó aðstoða MS við að byggja upp framleiðslu í Bandaríkjunum.

MS tapaði 330 milljónum í fyrra. Egill Sigurðsson, stjórnarformaður MS, sér fram á áframhaldandi taprekstur vegna ákvarðana verðlagsnefndar búvara. „Þetta verður þungt ár hjá okkur." – **ih** / **sjá síðu 4**



**Einar Sigurðsson, fyrrverandi forstjóri MS**

## Fréttablaðið í dag


**LÍFIÐ** Stærðfræðilegt götulistaverk við grunnskóla. **26**



**FRÉTTIR** Hælisleitandi sakar lögregluna um harðræði við handtöku. **8**

**SKOÐUN** Sanngjarnan stuðning frekar en skuldir, skrifar Eygló Harðardóttir. **12**

**SPORT** KSÍ má ekki blása of mikið út. **14**

**PLÚS SÉRBLAÐ ● FÓLK**


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015










## Veður




Hæg austlæg átt og skýjað með köflum en skýjað og lítilsháttar rigning syðst síðdegis en víðar á sunnanverðu landinu undir kvöld. Hlýtt í veðri.
SJÁ SÍÐU 20




Karl Wernersson var dæmdur til fangelsisvistar í apríl. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Karl Wernerson hóf afplánun í síðasta mánuði

**DÓMSMÁL** Karl Wernersson, fyrrverandi stjórnarformaður Milestone, er byrjaður að afplána dóm sinn en hann mætti á Kvíabryggju í síðasta mánuði.

Karl, ásamt bróður hans Steingrími Wernerssyni, var dæmdur til fangelsisvistar í Hæstarétti í apríl síðastliðnum. Karl fékk þriggja og hálfs árs dóm en Steingrímur tveggja ára dóm.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hefur Steingrímur ekki hafið afplánun. Í dag afplána níu manns dóma vegna efnahagsbrota í kjölfar rannsókna sérstaks saksóknara.

Málið sem kennt hefur verið við Milestone snerist um 4,8 milljarða króna greiðslur sem runnu út úr félaginu Milestone, sem Karl og Steingrímur stýrðu, til systur þeirra, Ingunnar Wernersdóttur, á árunum 2006 og 2007.

Var það mat ákæruvaldsins að um umboðssvik hafi verið að ræða. Guðmundur Ólafsson, fyrrverandi forstjóri Milestone, hlaut þriggja ára fangelsisdóm. Í málinu voru einnig tveir endurskoðendur dæmdir í níu mánaða skilorðsbundið fangelsi. **– ngy**

**» Karl og Steingrímur Wernerssynir, fyrrverandi eigendur Milestone, voru sakfelldir fyrir að misnota aðstöðu sína og láta félagið fjármagna viðskipti sem voru því óviðkomandi.**

# Dagur hundanna



Þessir hvuttar voru kampakátir í Árbæjarsafni í gær er dagur íslenska hundsins var haldinn hátíðlegur. Hann er átjánda júlí ár hvert, á afmælisdegi Íslandsvinarins Marks Watson, sem á heiðurinn af því að hafa bjargað íslenska fjárhundinum frá útrýmingu fyrir um sjötíu árum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Særði sautján farþega með öxi

**ÞÝSKALAND** Karlmaður gekk berserksgang um borð í lest í Bæjaralandi í Þýskalandi í gær og særði sautján. Þar af slösuðust þrír alvarlega í árásinni. Frá þessu greinir þýska fréttastofan Spiegel. Lestin var á leið frá Treuchtlingen til borgarinnar Würzburg og mætti fjölmennt lið lögreglu á staðinn til að stöðva árásarmanninn. Talsmaður innanríkisráðuneytis Þýskalands greindi frá því að maðurinn hafi orðið fyrir skoti lögreglu er hann reyndi að flýja en lestin var í úthverfi Würzburg þegar árásin átti sér stað.

Talsverðar tafir urðu á lestarsamgöngum á svæðinu en þær lágu niðri á meðan á aðgerðum lögreglu stóð.

Frekari upplýsingar lágu ekki fyrir þegar Fréttablaðið fór í prentun en tölur um fjölda fórnarlamba voru á reiki í gærkvöldi. **- þea**




Aguamarina Aparthotel

Netverð á mann frá kr. 113.830 m.v. 2 fullorðna og 1 barn í stúdíó. Netverð á mann frá kr. 150.395 m.v. 2 fullorðna í stúdíó.

Heimsferðir

# Húsbílafólk fær athvarf á eigin stað í Gufunesi

**Á föstudag var opnað tjaldstæði í Skemmtigarðinum í Grafarvogi sem er eingöngu fyrir ferðamenn á húsbílum, felli- og hjólhýsum. Framkvæmdastjóri Happy Campers fagnar nýjungunni. Þörf sé á slíkum tjaldstæðum um allt land.**

**FERÐAÞJÓNUSTA** Síðastliðinn föstudag var opnað í Skemmtigarðinum í Grafarvogi Camper Resort, nýtt sérhæft húsbíla-, hjólhýsa- og fellihýsastæði í Reykjavík.

Fregnir hafa verið af því að ferðamenn, sem taka húsbíla á leigu hér á landi, lendi í vandræðum vegna lítils framboðs af stæðum. Framkvæmdastjóri Happy Campers, Sverrir Þorsteinsson, segist gleðjast ógurlega yfir nýja stæðinu.

„Við munum bjóða upp á góða aðstöðu fyrir allar stærðir húsbíla þar sem aðstöðu fyrir þá vantar í Reykjavík, enda hefur orðið mikil fjölgun í leigu á húsbílum undanfarin ár. Gisting af þessu tagi er vinsæl við skemmtigarða erlendis," segir Eyþór Guðjónsson, eigandi Skemmtigarðarins.

Ekki stendur til að bjóða upp á hefðbundin tjaldstæði heldur einungis gistingu fyrir ferðamenn á húsbílum, felli- og hjólhýsum.

Eyþór segir Skemmtigarðinn stefna að áframhaldandi uppbyggingu í ferðaþjónustu á svæðinu. Camper Resort sé fyrsta skrefið í þá átt enda henti staðsetningin ákaflega vel til þess háttar starfsemi.

Sverrir Þorsteinsson, framkvæmdastjóri Happy Campers, sem leigja út sérútbúna „campers" sem hægt er að sofa og elda í, fagnar þessari nýjung á höfuðborgarsvæðinu.

„Annars vegar vegna þess að tjaldstæðin sem eru á Reykjavíkursvæðinu eru mjög fá og ekki gerð fyrir þessa bíla og skipulagið og annað hefur verið þannig að þau hafa verið fljót að fyllast. Einnig vegna þess að þeim hefur verið lokað allt of snemma," segir Sverrir.




Skemmtigarðurinn stefnir að uppbyggingu í ferðaþjónustu. FRÉTTABLAÐIÐ/HANNA

> Tjaldstæðin sem eru á Reykjavíkursvæðinu eru mjög fá og ekki gerð fyrir þessa bíla og skipulagið og annað hefur verið þannig að þau hafa verið fljót að fyllast.
>
> Sverrir Þorsteinsson, framkvæmdastjóri Happy Campers.

Hingað til hefur það tíðkast að tjaldstæðum sé lokað 15. september bendir Sverrir á.

„Og hvað eiga viðskiptavinir að gera þá? Sérstaklega núna þegar ný lög eru að taka gildi sem banna svona bílum og fólki að vera annars staðar en á skilgreindum tjaldsvæðum, þá verður að leysa þau mál."

Sverrir segir að þörf sé á slíkum stæðum fyrir allar stærðir húsbíla um allt land.

„Það er eitthvað sem mun koma klárlega með tímanum. Við höfum verið að berjast fyrir því að fá þannig tjaldstæði og einnig fyrir því að tjaldstæðin séu opin allt árið af því að þessir viðskiptavinir eru allt árið," segir Sverrir Þorsteinsson.

saeunn@frettabladid.is




Volkswagen Golf hefur verið einn vinsælasti bíll á Íslandi í mörg ár og ekki að ástæðulausu. Hann er glæsilegur í alla staði, rúmgóður, öruggur og á frábæru verði. Komdu í reynsluakstur og finndu út hvaða Golf þér líkar best.

### Trendline
verð frá **3.190.000 kr.**

- Nálgunarvarar að aftan og framan
- Þokuljós með beygjulýsingu í framstuðurum
- Rafmagnshitaðir og stillanlegir hliðarspeglar
- Leðurklætt aðgerðastýri
- Hæðarstillanlegt framsæti
- Hiti í sætum
- Rafdrifnar rúður
- Loftkæling
- App Connect fyrir Mirror Link, Android Auto og Apple Car Play
- Composition Media margmiðlunartæki með 6,5" snertiskjá
- Bluetooth búnaður fyrir síma

### Comfortline
verð frá **3.790.000 kr.**

**Útbúnaður umfram Trendline:**
- Bakkmyndavél
- Hraðastillir (Cruise Control)
- Hiti í stýri
- Dökkar rúður að aftan
- Comfort sæti með „Dessin Storm“ áklæði
- Viðvörunarkerfi ökumanns
- Skíðalúga í aftursætum með 2 glasahöldurum
- 15" Lyon álfelgur 195/65 R15

### Highline
verð frá **4.280.000 kr.**

**Útbúnaður umfram Comfortline:**
- Sportsæti með Alcantara áklæði
- Stemningslýsing í innra rými
- Sjálfvirkur birtudeyfir í baksýnisspegli
- Tveggja svæða loftkæling
- Ljós- og regnskynjari
- „Piano Black“ innlegg í innréttingu
- Króm í neðra grilli
- Lyklalaust aðgengi og ræsing
- Sóllúga
- 16" Dover álfelgur 205/55 R16

### R-Line
verð **4.190.000 kr.**

**Útbúnaður umfram Comfortline:**
- Sportsæti
- Stemningslýsing í innra rými
- Sjálfvirkur birtudeyfir í baksýnisspegli
- Tveggja svæða loftkæling
- Ljós- og regnskynjari
- Sóllúga
- Xenon ljós með LED dagljósum
- R-Line útlit
- 17" Dijon álfelgur með sportfjöðrun 225/45 R17

Volkswagen

**www.volkswagen.is**

**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

# Ósáttir við að þurfa að keyra hundrað kílómetra til að kjósa forseta

**HORNAFJÖRÐUR** Íbúar í Lóni í Austur-Skaftafellssýslu mótmæla því harðlega hvernig staðið var að kjörfundi nýafstaðinna forsetakosninga á svæðinu. Þetta kemur fram í bréfi sem íbúar undirrituðu og sendu bæjarráði sveitarfélagsins Hornafjarðar.

„Andstætt því sem ætíð hefur verið var ekki opinn kjörstaður í Lóni, en íbúum ætlað að kjósa í Nesjakjördeild, Mánagarði,“ segir í bréfinu en mesta vegalengd íbúa í Lóni til Nesjakjördeildar og heim aftur er sögð yfir hundrað kílómetrar.

> Með því fyrirkomulagi sem nú var á haft teljum við íbúum í Lóni vera gróflega mismunað.
>
> Íbúar í Lóni í Austur-Skaftafellssýslu

Þá segir einnig að undanfarna áratugi hafi kjördeildir verið opnar í öllum sveitum sýslunnar. „Með því fyrirkomulagi sem nú var á haft teljum við íbúum í Lóni vera gróflega mismunað, þegar Lón er ein sveita án sérstakrar kjördeildar,“ segir í bréfinu. Sú krafa var þá gerð að kjördeild verði opin í Lóni hér eftir. **– þea**


Höfn er höfuðstaður hins víðfema sveitarfélags Hornafjarðar. FRÉTTABLAÐIÐ/GUNNÞÓRA


Kaffitár fór úr Leifsstöð. FRÉTTAVBLAÐIÐ/ARNÞÓR

## Skaðabótamál eftir forval

**VIÐSKIPTI** Að minnsta kosti þrjú fyrirtæki hafa til skoðunar að höfða skaðabótamál gegn Isavia vegna forvals um verslunarpláss í Leifsstöð árið 2014. Fyrir helgi afhenti Isavia Kaffitári loks umbeðin gögn um útboðið eftir tveggja ára málarekstur. Forstjóri Kaffitárs segir skaðabótamál til skoðunar.

Forsvarsmenn fyrirtækja sem tóku þátt í útboðinu 2014 segjast hafa afhent viðkvæmar upplýsingar í trúnaði en nú sé Kaffitár komið með aðgang að þeim. Tvö fyrirtækjanna íhuga skaðabótamál gegn Isavia vegna þessa. **– gag**

## Hrapandi sala á lúxusíbúðum

**BRETLAND** Frá því að ljóst var að Bretland myndi yfirgefa Evrópusambandið hefur velta í sölu lúxusheimila í London dregist saman um tæplega helming.

Bloomberg greinir frá því að tólf virkum dögum eftir að niðurstaða kosninganna lá fyrir hafi velta með sölu dýrustu eignanna í London dregist saman um 43 prósent, samanborið við sama tímabil árið áður.

Húsnæðisverð hafði farið lækkandi í London í aðdraganda kosninganna. Húsnæðisverð í höfuðborg Bretlands lækkaði um 1,4 prósent í maí, sem er mesta lækkun á einum mánuði síðan í júní 2011.

Fjöldi heimila sem kosta yfir milljón pund, jafnvirði rúmlega 160 milljóna króna, á markaði minnkaði um þriðjung á tímabilinu. **– sg**

# Sér fyrir áframhaldandi tap MS

**Stjórnarformaður MS býst við tapi í ár vegna ákvarðana verðlagsnefndar búvara. Eigendur munu lána MS fyrir sekt vegna samkeppnislagabrota. Forstjórinn sem hætti í fyrra fékk 37 milljónir króna við starfslokin.**

**VIÐSKIPTI** Egill Sigurðsson, stjórnarformaður MS, býst við að tap verði á rekstri MS annað árið í röð í kjölfar nýrra ákvarðana verðlagsnefndar búvara. Nefndin tilkynnti fyrir síðustu mánaðamót að heildsöluverð á mjólk og mjólkurafurðum hækki um 2,5 prósent.

„Á meðan erum við að horfa upp á launahækkanir í fyrirtækinu að meðaltali um tuttugu prósent vegna nýrra kjarasamninga,“ segir Egill. „Þetta verður þungt ár hjá okkur, það er alveg fyrirséð.“

Nefndin ákvarðar bæði það verð sem MS þarf að kaupa og selja mjólk á. „Þarna á milli er mjög þröngt svigrúm,“ segir Egill.

Nefndin hækkaði einnig afurðastöðvaverð til bænda um 1,77 krónur á mjólkurlítrann í 86,16 krónur og vinnslu- og dreifingarkostnað á mjólkurlítrann um 1,81 krónu. Sumarið 2015 hækkaði verðlagsnefndin heildsöluverð á mjólk og mjólkurvörum um 3,58 prósent að undanskildu smjöri sem hækkaði um 11,6 prósent.

Hækkunin var sú fyrsta frá október 2013. Á móti hækkaði afurðastöðvaverð til bænda um 1,47 krónur á mjólkurlítrann. Auk þess var vinnslu- og dreifingarkostnaður mjólkur hækkaður um 4,27 kr. Samanlagt hefur heildsöluverð mjólkur því hækkað um 9,3 krónur síðustu tvö ár.

Í ársreikningi MS fyrir árið 2015 sem skilað var til fyrirtækjaskrár á föstudaginn kemur fram að fyrirtækið hafi þurft að leggja fram 112,7 milljónir króna í tryggingar vegna málaferla um einkaleyfi á skyrnafninu í Finnlandi.

Egill segir MS hafa fengið lögbann á sölu fyrirtækjanna Arla og Valio á skyri í Finnlandi en niðurstaða málaferlanna liggi ekki fyrir. Í ársreikningnum kemur fram að eigendur MS lögðu félaginu til 600 milljónir í aukið hlutafé á síðasta ári vegna fyrirsjáanlegs taps að sögn Egils.


Mjólkursamsalan tapaði 330 milljónum á síðasta ári. Stjórnarformaðurinn sér fram á áframhaldandi taprekstur. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

> **112,7**
> milljónir er trygging frá MS vegna málaferla tengdu nafninu „skyri“ í Finnlandi.

Þá kemur jafnframt fram að greiðslur til stjórnenda hafi aukist um 37 milljónir króna, í 141 milljón króna. Hækkunin er að sögn Egils tilkomin vegna starfslokagreiðslu til Einars Sigurðssonar, fyrrverandi forstjóra fyrirtækisins sem lét af stöfum um mitt ár 2015. Greiðslan nam árslaunum Einars auk orlofs og var í samræmi við starfslokasamning að sögn Egils.

> Þarna á milli er mjög þröngt svigrúm.
>
> Egill Sigurðsson, stjórnarformaður MS



ingvar@frettabladid.is

### Eigendur MS lána fyrir sekt

Egill segir að fyrirtækið muni taka lán frá eigendum fyrirtækisins, Auðhumlu og Kaupfélagi Skagfirðinga fyrir 480 milljón króna sekt sem Samkeppniseftirlitið lagði á fyrirtækið. MS hefur áfrýjað ákvörðun eftirlitsins og vonast til að fá sektina endurgreidda. Auðhumla á 90,01 prósent í MS og er í eigu um 600 kúabænda en Kaupfélag Skagfirðinga á 9,99 prósent í fyrirtækinu.




# Segir óþef af bjarnardrápum á Íslandi

**NÁTTÚRA** Skilningsleysi á dýraverndarsjónarmiðum og virðingarleysi við dýralíf skein í gegn þegar hvítabjörn var felldur við Hvalnes á Skaga á laugardag. Þetta er mat Árna Stefáns Árnasonar, lögfræðings með dýrarétt sem sérsvið.

„Mér finnst skína í gegn gríðarlegt virðingarleysi og það hefur komið í ljós við krufningu í dag. Þessi birna sem kom og var felld var enn með mjólk í júgri sem bendir til þess að það kunni að vera afkvæmi hennar við land líka,“ segir Árni og bætir því við að húnarnir hafi þá verið sviptir móður sinni og berjist nú við dauðann.

Árni segir heimild til staðar í lögum til þess að bjarga hvítabjörnum en einnig heimild til að fella þá ef þær aðstæður þykja vera fyrir hendi að dýrin ógni lífi manna.

„Þegar svona gerist í Kanada eru sérfræðingar sendir á staðinn í þyrlu og þeir látnir skjóta deyfilyfi í dýrið. Síðan er það flutt aftur á fjarlægari slóðir,“ segir Árni og bendir á að flytja hefði mátt dýrið til Grænlands með þessum hætti.

„Mér finnst óþefur af þessu og mér finnst óþefur af öllum þessum hvítabjarnardrápum,“ segir Árni og vísar til þess að fimm dýr hafi verið felld hér á landi á undanförnum árum. „Það er lögfræðingur búinn að skrifa mjög góða ritgerð um réttarstöðu hvítabjarna við Íslandsstrendur sem hefur komist að því að öll þessi dráp hafa verið óþörf og ástæðulaus.“ **– þea**


Birnan sem felld var við Hvalnes. FRÉTTABLAÐIÐ/HANNA


BMW EFFICIENTDYNAMICS.
LESS EMISSIONS. MORE DRIVING PLEASURE.
BMW 5 Series
www.bmw.is
Sheer
Driving Pleasure
ENNEMM / SÍA / NM75310
GLÆSILEG
AFMÆLISÚTGÁFA.
BMW 525d xDRIVE. VERÐ: 9.590.000 KR.
Í tilefni af 100 ára afmæli BMW bjóðum við fjórhjóladrifnn BMW 525d hlaðinn aukabúnaði á sérstöku afmælisverði. Aukabúnaður í afmælisútgáfunni er m.a. rafdrifin hjálparlokun á hurðum, sóllúga, lykillaust aðgengi, 360° myndavélabúnaður, fótstýrð rafdrifin opnun á farangursloki og leðurinnrétting.
VERIÐ VELKOMIN Í REYNSLUAKSTUR Í DAG.
BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is
B|L



**Boris Johnson í hópi starfsbræðra í Brussel í gær.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## Johnson kveðst alþjóðasinni

**BELGÍA** „Hann var frábær. Hann sagðist vera alþjóðasinni, ekki þjóðernissinni,“ sagði einn af utanríkisráðherrum Evrópusambandsins á fundi í Brussel í gær um Boris Johnson, hinn nýja utanríkisráðherra Bretlands.

Þetta hafði blaðið Wall Street Journal eftir ráðherranum, en nafngreindi hann þó ekki.

Johnson mætti í gær á sinn fyrsta fund með utanríkisráðherrum hinna Evrópusambandsríkjanna í Brussel. John Kerry, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, var einnig á fundinum.

Johnson sagði Bretland ætla sér áfram stórt hlutverk við stefnumótun í Evrópu, þrátt fyrir útgöngu úr Evrópusambandinu.

Federica Mogherini, utanríkismálafulltrúi Evrópusambandsins, gerði honum hins vegar grein fyrir því að Evrópusambandið þurfi ekki að fara að óskum Breta, þótt samstarf verði áfram vel þegið. **– gb**

## Minntust fórnarlambanna



**Gríðarlegur fjöldi safnaðist saman í París og víðar í Frakklandi í gær til að minnast fórnarlamba árásarinnar í Nice í síðustu viku. Þúsundir héldu þá mínútu þögn. Mohamed Lahouaiej-Bouhlel ók vörubíl inn í mannfjölda í Nice, varð 84 að bana og særði fjölda annarra.** NORDICPHOTOS/AFP

# Fagaðilar vilja upplýsa um kynferðisbrot

**Lögreglan í Vestmannaeyjum mun ekki upplýsa um tilkynnt kynferðisbrot á Þjóðhátíð fyrr en nokkur tími er liðinn frá hinum meintu brotum. Lögreglustjórinn segir þetta auka líkur á góðri frásögn. Fagaðilar segja rétt að upplýsa um kynferðisbrot líkt og önnur atvik.**

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglustjórinn í Vestmannaeyjum segir verkferla í kringum tilkynningar um kynferðisafbrot vera þá sömu á Þjóðhátíð og aðra daga ársins.

Því muni lögreglan í Vestmannaeyjum ekki upplýsa fjölmiðla jafnóðum um tilkynnt kynferðisbrot. Það er sama stefna og var sett í fyrra, sem var afar umdeild.

Páley Borgþórsdóttir lögreglustjóri segir þetta gert til að vernda brotaþola frá ytra álagi og auka líkur á góðri frásögn.

„Síðar þegar það er tímabært og skaðar ekki rannsóknarhagsmuni er eðlilegt að upplýsa um fjölda tilkynntra mála en eigi að vera mark takandi á slíkum upplýsingum þarf tíminn að fá að líða,“ stendur í svari Páleyjar við fyrirspurn Fréttablaðsins. Hún tekur aftur á móti ekki fram hversu margir dagar þurfi að líða.

Páley hafði samband við Neyðarmóttöku Landspítalans á dögunum og bað um að sama verklag yrði viðhaft þar. Hrönn Stefánsdóttir, verkefnastjóri Neyðarmóttökunnar, segir stefnu spítalans vera þá að svara fyrirspurnum fjölmiðla og upplýsa um fjölda mála, skiptir þá ekki hvers eðlis málið er. Því verði ekki orðið við beiðni lögreglustjórans.

Hún bendir á að samskiptamiðlar hafi oft mun meiri áhrif á rannsóknarhagsmuni en tilkynningar viðbragðsaðila um brot.

„Það eru oft meiri líkur á að umfjöllun á samskiptamiðlum hafi áhrif á rannsóknarhagsmuni. Til dæmis getur það haft áhrif á brotaþola og ákvörðun hans um að kæra ef vinir tjá sig um málið á Facebook,“ segir Hrönn.

Guðrún Jónsdóttir, talskona Stígamóta, telur rangt að segja ekki frá kynferðisbrotum.

„Ég hef ekki breytt skoðun minni frá því í fyrra og segi enn þá að þetta verklag verndi ekki þolendur kynferðisofbeldis. Þessi framgangur er á skjön við það sem tíðkast í öðrum málum. Ég veit að flestir fagaðilar eru sammála um að það sé rétt að veita þessar upplýsingar,“ segir Guðrún og bætir við að gaman væri að vita hvort lögreglustjórinn ætlaði ekki að segja frá neinum öðrum brotum sem gætu átt sér stað á hátíðinni.

Í ársskýrslu Stígamóta frá árinu 2015 kemur fram að átján kynferðisbrot á útihátíðum hafi verið tilkynnt til þeirra í fyrra. Þar af voru tólf nauðganir. „Þetta er ástæðan fyrir því að við látum okkur þetta mál varða.“ **erlabjorg@frettabladid.is / nadine@frettabladid.is**

**Þessi framgangur er á skjön við það sem tíðkast í öðrum málum.**



Guðrún Jónsdóttir, talskona Stígamóta

**Síðar þegar það er tímabært og skaðar ekki rannsóknarhagsmuni er eðlilegt að upplýsa um fjölda tilkynntra mála.**



Páley Bergþórsdóttir lögreglustjóri í Vestmanneyjum.

**18**

**kynferðisbrot á útihátíðum voru tilkynnt til Stígamóta í fyrra. Þar af 12 nauðganir.**

**Það eru oft meiri líkur á að umfjöllun á samskiptamiðlum hafi áhrif á rannsóknarhagsmuni.**



Hrönn Stefánsdóttir, verkefnastjóri Neyðarmóttöku Landspítalans


Messa

Fyrir fórnarlömb hryðjuverkanna í Frakklandi

Í kvöld þriðjudag kl 18:00 í Landakotskirkju

Messe

Pour les victimes des attentats en France

aujourd'hui mardi á 18:heures

Á la Cathédrale de Landakot.


## Þúsundir Breta vilja evrópsk vegabréf

**BRETLAND** Þúsundir Breta flykkjast nú að evrópskum sendiráðum til að kanna möguleikann á að fá evrópskt vegabréf í kjölfar þess að Bretar kusu að yfirgefa Evrópusambandið.

CNN Money greinir frá því að sendiráð og sendiskrifstofur Þýskalands, Ítalíu, Svíþjóðar, Póllands og Ungverjalands hafi fundið fyrir auknum áhuga Breta á að ná sér í vegabréf hjá þeim.

Um tvö hundruð símtöl og tölvubréf bárust á dag til þýska sendiráðsins í London í kjölfar Brexit-kosninganna, sem er tífalt meira en venjulega, að sögn talsmanns sendiráðsins. Fyrirspurnir hafa dregist saman síðan þá, en nema nú um hundrað á dag.

Ítalska sendiráðið í Bretlandi fékk um fimm hundruð símtöl á dag eftir kosningarnar, frá Bretum sem voru að skoða möguleikann á að sækja um ítalskan ríkisborgararétt.

„Við fáum venjulega um tíu fyrirspurnir um ríkisborgararétt á ári,“ segir talsmaður í samtali við CNN Money.

Sexfalt fleiri hafa sótt um sænskan ríkisborgararétt á þeim þremur vikum sem liðnar eru frá kosningunum en venjulega hjá sænskum yfirvöldum. Þau fá að jafnaði tuttugu breskar umsóknir á viku en nú eru þær um hundrað og tuttugu. Svipaða sögu er að segja hjá pólska og ungverska sendiráðinu. **– sg**



**Bretar vilja nú í auknum mæli evrópsk vegabréf til að geta nýtt sér í lífi og starfi.** NORDIC PHOTOS/GETTY

## ***Fjórhjóladrifinn** dísiljeppi með **SYNC II** samskiptakerfi, **8" snertiskjá** og **íslensku leiðsögukerfi***




# NÝR FORD KUGA AWD

> Yfirburðir Ford Kuga liggja í óviðjafnanlegum aksturseiginleikum, fyrsta flokks öryggi og hámarks þægindum.

Staðalbúnaðurinn er sérstaklega glæsilegur. Þar á meðal er skynvætt tölvustýrt fjórhjóladrif sem lagar sig að undirlagi og ástandi vega, SYNC II samskiptakerfi með Bluetooth og neyðarhringingu í 112, íslenskt leiðsögukerfi, 8" snertiskjár í miðjustokk, tvískipt tölvustýrð miðstöð með loftkælingu og 17" álfelgur.

Ford Kuga er tilvalinn til ferðalaga. Dráttargetan er mikil eða 2.100 kg. Veghæðin er jafnframt mikil eða um 20 cm undir lægsta punkt.

**Upplifðu frábæra aksturseiginleika Ford Kuga AWD - komdu og prófaðu**

## FORD **KUGA AWD**

BEINSKIPTUR AWD DÍSIL

FRÁ **5.490.000** KR.

SJÁLFSKIPTUR AWD DÍSIL

FRÁ **5.690.000** KR.

ford.is

***Öruggur staður til að vera á***

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17
Opið á laugardögum frá og með 6. ágúst

Gerðu samanburð og þú munt sjá að Ford Kuga er gríðarlega vel búinn. Til viðbótar er eftirfarandi einnig staðalbúnaður: starthnappur, hraðastillir, brekkuaðstoð, LED lýsing í farþegarými, leðurklætt stýrishjól og gírstangarhnúður, rafstillanlegir og upphitanlegir útispeglar, þokuljós og Easy Fuel. Öryggi Ford Kuga er framúrskarandi enda fékk hann fimm stjörnur af fimm mögulegum í árekstra- og öryggisprófunum Euro NCAP. Ford Kuga er fáanlegur í þremur útfærslum: Trend Edition, Titanium og Titanium S. ◆ Ford Kuga AWD 2,0 TDCi dísil 150 hö. 6 gíra beinsk./6 þrepa sjálfskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 5,2/5,4 l/100 km. $CO_2$ losun 135/140 g/km. ◆ Tökum allar tegundir bíla upp í nýja. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.




Donald Trump og Mike Pence, varaforsetaefni hans. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## Pence má gera mistök af og til

**BANDARÍKIN** Donald Trump, sem væntanlega verður formlega gerður að forsetaefni repúblikana í dag, sagði varaforsetaefni sitt, Mike Pence, hafa gert mistök þegar hann greiddi atkvæði með innrás í Írak árið 2003.

Lesley Stahl, fréttakona hjá CBS-sjónvarpsstöðinni, benti honum á að hann hefði gagnrýnt Hillary Clinton harðlega fyrir sömu mistök, en valið Pence til að vera varaforsetaefni sitt.

„Hann má gera mistök af og til,“ sagði Trump. „En ekki hún?“ spurði Stahl. „Nei, ekki hún,“ svaraði Trump.

Landsþing Repúblikanaflokksins hófst í gær og stendur fram á fimmtudag, en á síðasta degi þingsins flytur Donald Trump aðalræðu þingsins eftir að hafa fengið formlega staðfestingu á útnefningu sem forsetaefni flokksins. **– gb**

## Fangelsi fyrir að kúga dóttur sína

**SVÍÞJÓÐ** Karlmaður á fimmtugsaldri sem þvingaði dóttur sína í fyrra til að giftast manni í Afganistan sem hún þekkti ekki, var dæmdur í fjögurra ára fangelsi í undirrétti í Lundi. Dóttirin, sem er 23 ára og býr nú á verndudum dvalarstað, sagði föður sinn hafa hótað sér lífláti.

Faðirinn og tveir aðrir menn voru jafnframt ákærðir fyrir að ræna kærasta dótturinnar sem er frá Landskrona í Svíþjóð eins og hún. Honum var hótað lífláti auk þess sem hann var beittur ofbeldi, þar á meðal kynferðislegu ofbeldi.

Faðirinn neitar öllum sakargiftum og ætlar að áfrýja. **– ibs**

# Hælisleitandi segir lögregluna hafa kreist sig og lamið í bakið

**Héraðssaksóknari felldi niður mál Moharams, hælisleitanda frá Egyptalandi, gegn starfsmönnum lögreglunnar á Suðurnesjum. Moharam segist hafa orðið fyrir miklu harðræði við handtöku. Hann er þunglyndur og kvíðinn og tekst að auki á við áfallastreituröskun eftir atburðinn. Málið verður kært til ríkissaksóknara.**

**LÖGREGLUMÁL** „Ég vil að réttindi mín séu virt,“ segir Moharam, hælisleitandi frá Egyptalandi, en héraðssaksóknari felldi nýlega niður mál hans gegn starfsmönnum lögreglustjórans á Suðurnesjum vegna ólögmætrar handtöku.

Moharam segist hafa orðið fyrir miklu harðræði og er nú unnið að öflun frekari gagna. Málið verður kært til ríkissaksóknara á næstu dögum. Þetta staðfestir Stefán Karl Kristjánsson, lögmaður hælisleitandans.

Moharam kom til Íslands í lok árs 2014. Hann kveðst hafa flúið heimaland sitt vegna hótana. Hann er þunglyndur og haldinn kvíða.

Moharam var handtekinn á heimili sínu tvívegis sama dag í fyrrasumar. Í fyrra skiptið var hann sofandi þegar lögreglu bar að.

Hafdís Björg Kjartansdóttir, sálfræðingur Moharams, segir ástæðu fyrir komu lögreglunnar vera áhyggjur hennar af honum. Hún hafi talið hann hættulegan sjálfum sér vegna andlegra veikinda. Þegar hann svaraði ekki í síma hafi hún haft samband við fulltrúa í hælismálum sem kallaði til lögreglu.

Moharam segist ekki hafa áttað sig á því hvers vegna ráðist var inn á heimili hans. Hann talar enga íslensku og litla ensku. Hann var handjárnaður og fluttur á heilsugæslustöð í náttfötunum en hann segist ítrekað hafa beðið um að fá að klæða sig.

„Það var mjög niðurlægjandi og ég skildi ekki neitt. Ég fékk að fara heim stuttu eftir samtal við lækni,“ segir Moharam. Eftir að hann var kominn heim þennan dag kom lögreglan aftur.

„Ég var að tala við Hafdísi sálfræðing minn í símann og reyna að útskýra fyrir henni hvað hafi gerst en þá komu fimm lögreglumenn. Ég skildi ekki af hverju þeir voru komnir aftur og bað þá um að tala við Hafdísi en þeir hlustuðu ekki,“ segir Moharam



Magdy Moharam kveðst hafa flúið heimalandið vegna hótana.

> Ég var í símanum hjá honum þegar lögreglan kom aftur og heyrði að hann var að biðja fólk um að tala við mig en því var ekki sinnt.
>
> Hafdís Björg Kjartansdóttir sálfræðingur Magdys Moharam

Að sögn Moharams var hann beittur miklu valdi við handtökuna. Lögreglumennirnir hafi kreist hann, ýtt honum niður á jörðina og lamið hann í bakið.

Í kjölfarið dvaldi Moharam á lögreglustöð í sólarhring. Þá var farið með hann á geðdeild Landspítalans í Reykjavík.

„Ég var þar í klukkustund og svo sendur heim. Ég var með enga peninga til að koma mér til Keflavíkur en fékk túlk sem ég þekki til að aðstoða mig við að komast heim.“

Hafdís segir Moharam kljást við áfallastreituröskun eftir þennan atburð.

„Það er miður hvernig þetta fór. Ég var í símanum hjá honum þegar lögreglan kom aftur og heyrði að hann var að biðja fólk um að tala við mig en því var ekki sinnt,“ segir Hafdís. Hún hafi reynt að kvarta undan sársauka en að hún hafi þó ekki heyrt greinilega hvað var í gangi. **nadine@frettabladid.is**





www.volkswagen.is

Nýr Volkswagen Caddy

**Glæsilegur vinnubíll**

Við kynnum til leiks fjórðu kynslóð af vinsælasta atvinnubíl á Íslandi undanfarin ár. Enn meiri staðalbúnaður, aukið öryggi og öflugri vélar eru aðeins nokkur atriði sem gera hinn nýja Caddy svo aðlaðandi. Nú kemur Caddy líka í fimm og sjö manna fjölskylduútfærslu með nálgunarvara og loftpúðum fyrir ökumanns- og farþegarými.

Nýr Volkswagen Caddy
kostar frá
**2.670.000 kr.**
(2.135.226 kr. án vsk)

**Atvinnubílar**

**HEKLA býður gott úrval atvinnubíla og góða þjónustu.**

**www.volkswagen.is**

**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · sími 590 5000 · hekla.is · umboðsmenn um land allt:
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

# Sturtuveisla!




**Verðdæmi 80cm. 27.455**




**Verðdæmi 80x80 cm. 35.100**




**Laus svunta**




**Verðdæmi 80x80 cm. 30.500**




**Verðdæmi 80x80 cm. 30.500**




**Verðdæmi 80x80 cm 29.600**

**Sturtuklefar úr hertu öryggisgleri, rennihurðir með 16 hjólum. Heill hornlisti, sturtustangasett og vatnslás fylgja.**
**Rúnnaðir: stærðir 80 x 80 og 90 x 90 cm.**
**Kantaðir: stærðir 70 x 70, 80 x 80 og 90 x 90 cm.**




**Verðdæmi 70 cm. 24.880**

Opið virka daga frá 9 til 18
laugardaga lokað í sumar
Ármúla 31 - Sími 588 7332

# i-t.is

INNRÉTTINGAR & TÆKI
- fyrir þitt heimili

# Gülen stjórnar hreyfingu sinni úr útlegð

**Erdogan Tyrklandsforseti og klerkurinn Fetúla Gülen voru í eina tíð bandamenn. Nú eru aðrir tímar og Erdogan segir Gülen hafa staðið á bak við valdaránstilraun hersins í Tyrklandi. Gülen segir ekkert hæft í því. Herferð Erdogans gegn andstæðingum hefur eflst mikið.**

**TYRKLAND** Fetúla Gülen, múslimaklerkurinn sem Recep Tayyip Erdogan segir standa á bak við valdaránstilraunina í Tyrklandi, hefur búið í Bandaríkjunum síðan 1999, í sjálfskipaðri útlegð frá Tyrklandi.

Þaðan stjórnar hann fjölmennri trúarhreyfingu, sem nýtur mikils stuðnings í Tyrklandi. Liðsmenn hennar í Tyrklandi skipta milljónum, þrátt fyrir að tyrknesk stjórnvöld kalli Gülen hryðjuverkaleiðtoga og fylgismenn hans hafi margir hverjir sætt harðræði.

Trúarhreyfing Gülens þykir frjálslynd í trúarefnum, hafnar því að tengja saman trú og stjórnmál og snýst að verulegu leyti um rekstur skóla, fjölmiðla, sjúkrahúsa og ýmissa félagsþjónustustofnana.

Þeir Gülen og Erdogan voru í eina tíð samstarfsmenn og bandamenn í stjórnmálum. Upp úr vináttunni slitnaði reyndar ekki að ráði fyrr en árið 2013, þegar einræðistilburðir Erdogans urðu nokkuð augljósir.

Það ár lét Erdogan til skarar skríða gegn yfirstjórn hersins, yfirstjórn lögreglu og dómsmála, fjölmiðlum og fleiri lykilstofnunum landsins. Hátt í þrjú hundruð manns voru handteknir og flestir dæmdir í fangelsi fyrir ýmsar sakir, svo sem að skipuleggja uppreisn eða hryðjuverk.

Spjótunum var þá meðal annars beint gegn hreyfingu Gülens, ekki síst fjölmiðlafyrirtækjum hreyfingarinnar, þar sem margvísleg gagnrýni á stjórnvöld hafði birst reglulega.

Herferð stjórnvalda gegn fjölmiðlum Gülen-veldisins hefur haldið áfram og harðnað með hverju árinu og stjórn Erdogans hefur jafnframt hert tök sín á helstu valdstofnunum landsins.

Herferð Erdogans gegn andstæðingum sínum hefur eflst um allan helming eftir byltingartilraunina. Þúsundir hermanna, embættismanna og annarra hafa verið handteknir og mikil reiði virðist ríkjandi meðal stuðningsmanna forsetans.

## Fyrirsögn á hliðarefni skrifað í body-kassann

Valdaránstilraunum í heiminum hefur fækkað á seinni árum. Á tímabilinu frá 1960 til 1995 voru gerðar um það bil tíu slíkar tilraunir árlega, flestar á sjöunda og áttunda áratugnum, en síðan 1995 hafa þær verið vel innan við fimm á ári.

Herinn í Tyrklandi hefur litið á sjálfan sig sem eins konar öryggisventil í stjórnmálum, gripið inn í þegar allt virðist komið í óefni og stjórnað landinu þangað til óhætt hefur þótt að afhenda stjórnmálamönnum taumana á ný. Í þetta skiptið virðist byltingartilraunin ekki hafa notið stuðnings æðstu yfirstjórnar hersins.



**Þungvopnaðir sérsveitarmenn við fund yfirmanns lögreglu og yfirmanns hersins í Istanbúl í gær.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

> **Nú þegar Tyrkland er að þróast í lýðræðisátt, þá getur það ekki snúið til baka.**
>
> Fetúla Gülen



Sjálfur sagðist Gülen, á fundi með blaðamönnum í Pennsylvaníu um helgina, ekki trúa því að heimurinn trúi ásökunum Erdogans á hendur sér. Hugsanlega hafi valdaránið verið sviðsett. Tilgangurinn hafi verið að grafa undan honum með ásökunum. Hann fordæmir hins vegar valdaránstilraun hersins um helgina, enda hafi hann orðið fyrir óþægindum af hálfu tyrkneska hersins.

„Eftir stjórnarbyltingar hersins í Tyrklandi hef ég sætt þrýstingi og verið settur í fangelsi. Ég hef verið dreginn fyrir dómara og sætt ýmis konar áreitni,“ sagði Gülen. „Nú þegar Tyrkland er að þróast í lýðræðisátt getur það ekki snúið til baka.“

Gülen sem er 74 ára virtist ekki sérlega heilsuhraustur er blaðamenn heimsóttu hann um helgina.

**gudsteinn@frettabladid.is**





GE bílar, Reykjanesbæ, www.gebilar.is, 420 0400
Bílasalan Bílás, Akranesi, www.bilas.is, 431 2622
Bílasala Akureyrar, Akureyri, www.bilak.is, 461 2533
Bílaverkstæði Austurlands, Egilsstöðum, www.bva.is, 470 5070
IB ehf., Selfossi, www.ib.is, 480 8080
BL söluumboð, Vestmannaeyjum, 481 1313, 862 2516
BL ehf, Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík, 525 8000 / www.bl.is
B|L

AFSLÁTTAR KÓÐINN ER **SUMARSÓL** BÓKANLEGT TIL 25. JÚLÍ

**15.000 KR.** AFSLÁTTUR Á MANN

ÚRVAL ÚTSÝN



# 60.000 KR.

# AFSLÁTTUR FYRIR FJÖGURRA MANNA FJÖLSKYLDU

**ALLT AÐ 60.000 KR. AFSLÁTTUR FYRIR FJÖLSKYLDUNA Á VALDAR BORTTFARIR Í JÚLÍ TIL SEPTEMBER TIL KANARÍ, MALLORCA, ALMERÍA, BENIDORM OG TENERIFE. BÓKANLEGT TIL 25. JÚLÍ.**

## ÞAÐ SEM ÞÚ ÞARFT AÐ GERA:

VELJA HÓTEL Á HEIMASÍÐU OKKAR **UU.IS** SETJA ÞAR INN **AFSLÁTTARKÓÐANN: SUMARSÓL**

ÞÚ VELUR SVO GREIÐSLUMÁTA OG AFSLÁTTURINN ER ÞINN. NJÓTTU FERÐARINNAR!

## BROTTFARIR Á BETRA VERÐI

GILDIR TIL 25.JÚLÍ

**KANARÍ**
20. OG 27. JÚLÍ (27. ÖRFÁ SÆTI)
17., 24. OG 31. ÁGÚST
7., 14. OG 21. SEPTEMBER

**MALLORCA**
2., 9., 16., 23. OG 30. ÁGÚST
13. OG 20. SEPTEMBER

**ALMERÍA**
11. OG 18. ÁGÚST
1. SEPTEMBER

**TENERIFE**
20. OG 27. ÁGÚST
3. OG 17. SEPTEMBER

**ALICANTE**
23., 26. OG 30. ÁGÚST
2., 6., 20. OG 23. SEPT.

**INNIFALIÐ Í VERÐI**
FLUG, FLUGVALLASKATTAR, GISTING, TASKA, HAND-FARANGUR OG ÍSLENSK FARARSTJÓRN.

ATHUGIÐ! ALLT INNIFALIÐ

KANARÍ - ALLT INNIFALIÐ



Enska ströndin
**EUGENIA VICTORIA** ★★★
skemmtidagskrá | Fæði | Strönd 500 m

VERÐ FRÁ **99.900 KR.***
*á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í tvíbýli - allt innifalið. 17. – 24. ágúst Verð á mann m.v. 2 fullorðna 116.900 kr.

Vel staðsett 3ja stjörnu hótel á Ensku ströndinni. Verslanir, veitingastaðir og barir í næsta nágrenni. Einstaklega fallegur sundlaugagarður.

MALLORCA



Santa Ponsa
**VISTA CLUB** ★★★
Fæði | Strönd 150 m

VERÐ FRÁ **75.900 KR.***
*á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð með 1 svefnherbergi. 2. – 9. ágúst. Verð á mann m.v. 2 fullorðna 107.500 kr.

Góðar íbúðir við Santa Ponsa ströndina um 300 metra frá miðbæ Santa Ponsa. Verslanir, kaffihús og veitingastaðir eru í göngufæri.

ALBÍR



Albir
**ALBIR PLAYA** ★★★★
Skemmtidagskrá | Fæði | Strönd 1 km

VERÐ FRÁ **87.900 KR.***
*á mann m.v. 2 fullorðna í tvíbýli með morgunverði. 26. júlí - 3. ágúst. Verð á mann m.v. 2 fullorðna 112.200 kr.

Mjög gott, nútímalegt og barnvænt hótel. Líf og fjör jafnt á daginn sem á kvöldin með fjölbreyttri dagskrá. Hægt er að kaupa hálft eða fullt fæði.

ATHUGIÐ! 5 STJÖRNU HÓTEL 2 VIKUR

KANARÍ



Las Palmas
**HOTEL CRISTINA** ★★★★★
skemmtidagskrá | Fæði | Strönd 50 m

VERÐ FRÁ **127.900 KR.***
*á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í tvíbýli með morgunverði. 20 júlí. – 3. ágúst Verð á mann m.v. 2 fullorðna 157.990 kr.

Fínt 5 stjörnu hótel í Las Palmas um 50 m. frá Puerto de La Luz höfninni. Snyrtilegur garður með sundlaug og sólbekkjum, strönd í göngufæri.

ALMERÍA / ALLT INNIFALIÐ



Roquetas de Mar
**BEST SABINAL** ★★★★
skemmtidagskrá | Fæði | Við Strönd

VERÐ FRÁ **73.500 KR.***
*á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í tvíbýli með öllu inniföldu. 1.–8. sept. Verð á mann m.v. 2 fullorðna 96.900 kr.

Vinsælt hótel í hjarta bæjarins. staðsett alveg við ströndina í Roquetas de Mar. Góð herbergi, hægt að fá sjávarsýn gegn gjaldi. Hálft fæði eða allt innifalið í boði.

TENERIFE



Las Americas
**PARGUE CRISTOBAL** ★★★
Fæði | Skemmtidagskrá | Strönd 1,5 km

VERÐ FRÁ **95.700 KR.***
*á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í svítu með tveimur svefnherbergjum. (Kid Suite) 20.–27. ágúst.

Frábærlega vel staðsett og skemm-tileg þriggja stjörnu íbúðagisting. Góður garður með útisundlaugum og barnalaug. Frábær sólbaðsaðstaða.

Verð eru birt með afslætti. Gildir aðeins með nýjum bókunum.

Úrval Útsýn | Hlíðasmára 19 | 201 Kópavogi | 585 4000 | uu.is

## Óháð stöðu og stétt



**Þorbjörn Þórðarson**
thorbjorn@frettabladid.is

Kári Stefánsson, forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar, hefur verið duglegur að minna landsmenn á hversu galið það er í norrænu velferðarríki að sjúklingar þurfi að taka upp greiðslukort þegar þeir sækja sér þjónustu á spítala.

Þegar rætt er um kostnað og rekstur í heilbrigðisþjónustunni er hins vegar um tvo aðskilda hluti að ræða. Annars vegar er um að ræða spurningu um leið að markmiði og gæði þjónustunnar. Hins vegar er um að ræða greiðsluþátttökuna sjálfa.

Íslenska ríkinu er skylt að veita landsmönnum heilbrigðisþjónustu óháð stétt eða stöðu. Þetta kemur beinlínis fram í 76. gr. stjórnarskrárinnar en um er að ræða jákvæða mannréttindareglu sem leggur þessa athafnaskyldu á ríkið. Þá eru í gildi sérstök lög um heilbrigðisþjónustu. Markmið þeirra er að „allir landsmenn eigi kost á fullkomnustu heilbrigðisþjónustu sem á hverjum tíma eru tök á að veita til verndar andlegri, líkamlegri og félagslegri heilbrigði“.

Þótt íslenska stjórnarskráin leggi þær skyldur á herðar ríkisvaldsins að það veiti borgurunum heilbrigðisþjónustu óháð stöðu og stétt þá er ekkert í henni sem girðir fyrir að ríkisvaldið geti farið ólíkar leiðir að þessu markmiði. Þannig hefur ríkisvaldið val um hvort það veiti þjónustuna sjálft eða feli öðrum verkið á grundvelli samnings. Hins vegar hefur þetta alltaf verið dálítið tabú hjá stjórnmálamönnum því kjósendur rugla stundum saman hugtökunum einkarekstri og einkavæðingu í opinberri umræðu.

Í þessi blaði var nýlega sagt frá því að Ríkiskaup hefðu hafið viðræður við tvö fyrirtæki í einkaeigu um rekstur heilsugæslustöðva. Annars vegar á Bíldshöfða og hins vegar í Urriðahvarfi í Kópavogi.

Það er sjálfstætt rökfræðilegt úrlausnarefni hvort það eigi yfirleitt að fela einkafyrirtækjum að veita jafn mikilvæga þjónustu og heilbrigðisþjónustu. Það er líka siðferðilegt álitamál hvort það sé verjandi að einkaaðilar hagnist fjárhagslega á því að hjúkra veikum mönnum til heilsu í krafti samnings við ríkisvaldið. Stöðvarnar á Bíldshöfða og í Urriðahvarfi fá ekki að greiða arð úr rekstrinum svo þeir sem hafa áhyggjur af þessu geta sofið rólegir.

Hagfræðin segir okkur að til þess að reka stofnanir og fyrirtæki vel þurfi að vera til staðar aðhald frá eigendum. Reynslan kennir okkur að fyrirtæki sem hafa eiginlega eigendur sem veita þeim aðhald eru yfirleitt betur rekin en fyrirtæki sem rekin eru fyrir sameiginlega sjóði landsmanna. Þetta er hins vegar ekki algild regla. Nefna má dæmi um ríkisfyrirtæki, bæði hér á landi og erlendis, sem eru vel rekin. Hér má nefna Norska olíusjóðinn áður en verðið á hráolíu féll. Landsvirkjun er líka gott og nærtækt dæmi. Landsvirkjun er fyrirtæki sem er rekið á margan hátt eins og einkafyrirtæki með það fyrir augum að hámarka arðsemina fyrir eigandann, íslenska skattgreiðendur.

Það gilda hins vegar önnur lögmál um heilbrigðisþjónustu. Í norrænu velferðarríki er tilgangurinn með heilbrigðisþjónustunni að hlúa að sjúkum og meiddum og hjúkra þeim til heilsu. Ekki búa til verðmæti fyrir hluthafa.

**Það er sjálfstætt rökfræðilegt úrlausnarefni hvort það eigi yfirleitt að fela einkafyrirtækjum að veita jafn mikilvæga þjónustu og heilbrigðisþjónustu.**




## Halldór




## Frá degi til dags

**Mátað**
**Hann er alltaf skemmtilegur samkvæmisleikurinn sem fer í gang rétt áður en stjórnmálaflokkarnir raða á lista sína eða halda prófkjör. Ýmsir velta því fyrir sér hverjir það verða sem munu skipa hið háa Alþingi eftir kosningar og halda utan um valdatauma samfélagsins. Píratarnir, sem allar líkur eru á að muni stækka þingflokk sinn allverulega, koma fram einn af öðrum og gefa kost á sér og leggja sig í dóm kjósenda. Viðreisn hefur vakið athygli og margir að máta mann og annan inn í mögulegan þingflokk þessa nýja stjórnmálaflokks. Sá skemmtilegi atburður átti sér stað um helgina að valdarán átti sér stað innan Viðreisnar.**

**Misheppnað valdarán**
**Sagt var frá því að verið væri að reyna að fá Höllu Tómasdóttur, fyrrverandi forsetaframbjóðanda, til að taka við forystu í flokknum. Þar situr fyrir Benedikt Jóhannesson stærðfræðingur sem formaður flokksins. Halla hins vegar kannaðist ekki við að vera á leið til liðs við Viðreisn, frekar en Benedikt. Hún sagði á Facebook-síðu sinni að áhættusamt væri að fara í frí og úr sambandi við umheiminn. Hún hygði hvorki á valdarán né framboð. Benedikt sagðist aldrei hafa rætt við Höllu – áður en hún var svo gott sem búin að ræna hann völdum.** fanney@frettabladid.is

## Sanngjarnan stuðning frekar en skuldir



**Eygló Harðardóttir**
félags- og húsnæðismálaráðherra

Fyrir stuttu hafði fjölskyldufaðir með fjögur börn á framfæri samband við mig. Þau hjónin voru með 600 þús. kr. ráðstöfunartekjur á mánuði og bjuggu í hóflegu húsnæði. Hann hafði verið að fara yfir fjármál fjölskyldunnar og sá enga leið færa aðra en að endurfjármagna og lengja í húsnæðislánum fjölskyldunnar til að lækka mánaðarlega greiðslubyrði þeirra.

Á þessu kjörtímabili hef ég lagt áherslu á að auka stuðning við fjölskyldur. Því hef ég barist fyrir því að húsnæðisstuðningur í gegnum húsaleigu- og vaxtabótakerfi, yrði sameinaður í eitt húsnæðisbótakerfi þar sem byggt yrði á efnahag fjölskyldunnar frekar en að umbuna þeim sem geta tekið sem hæst lán líkt og vaxtabótakerfið gerir. Því miður náðist ekki samstaða um það og lög um nýtt húsnæðisbótakerfi sem taka gildi um áramótin taka aðeins til leigjenda en ekki allra heimila. Þar er þó stuðningur við fjölskyldur með lágar og meðaltekjur aukinn verulega.

Stefán Ólafsson, prófessor við HÍ, bendir á að vaxtabætur hafa rýrnað mikið frá árinu 2013. Vaxtabætur lækkuðu um 25 prósent á árinu 2015 og þeim sem fá þær fækkaði um 21prósent. Sömuleiðis fækkar þeim sem fá barnabætur greiddar. Í fjármálaáætlun fjármálaráðherra til næstu fimm ára er boðað að draga eigi enn frekar úr barnabótum og vaxtabótum. Slík forgangsröðun fjármálaráðuneytisins var ástæða þess að ég setti alvarlega fyrirvara við þessa áætlun þegar hún var samþykkt í ríkisstjórn.

Ég tel því mikilvægt að opna umræðu um að færa stuðning við heimili landsins yfir til velferðarráðuneytisins, þar sem velferð frekar en skattar er í fyrirrúmi. Sameina ætti vaxtabætur nýju húsnæðisbótakerfi og taka stuðning við barnafjölskyldur til gagngerrar endurskoðunar. Þar hefur verkalýðshreyfingin bent á tillögur um barnatryggingar þar sem barnalífeyrir almannatrygginga og barnabætur yrðu sameinaðar.

Ísland á að vera fjölskylduvænt samfélag þar sem veita á fólki sanngjarnan stuðning, en ekki þvinga það til skuldsetningar.

**Þar er þó stuðningur við fjölskyldur með lágar og meðaltekjur aukinn verulega.**

FRÉTTABLAÐIÐ **ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR**: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is* og Viktoría Hermannsdóttir *viktoria@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is*
**LÍFIÐ:** Gyða Lóa Ólafsdóttir *gydaloa@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Meingallað skref í ákvörðunarferli sæstrengs



Egill Benedikt Hreinsson
prófessor í rafmagnsverkfræði við HÍ

Fyrsta skoðun mín á skýrslu Kviku/Pöyry um sæstreng til Bretlands, er kynnt var af ráðherra 12. júlí, bendir til við fyrstu sýn að í nokkrum meginatriðum sé skýrslan meingölluð. Má þar nefna eftirfarandi tvö mikilvæg atriði, og auðvitað ekki hægt að útiloka að fleira komi í ljós við nánari skoðun. Skal þó tekið fram í upphafi að skýrslan er að mörgu leyti, þrátt fyrir þessa ágalla, mjög mikilvægt og gagnlegt innlegg í umræðuna og þann ákvarðana- og greiningarferil um sæstreng sem staðið hefur yfir undanfarin ár.

Ég nefni sem sagt hér eftirfarandi tvo mikilvæga ágalla:

Í fyrsta lagi að rekstrar- og viðgerðarkostnað sæstrengs skortir. Ekki verður séð að skýrslan geri ráð fyrir neinum slíkum kostnaði, og hvergi verður séð að getið sé kostnaðarforsendna á árlegum rekstrarkostnaði. Vissulega er fjallað um bilanir strengs og „uppitíma“ strengsins, þ. e. hversu lengi að meðaltali hann er í lagi, en ekki getið um til hvaða árlegs kostnaðar þessar bilanir muni leiða að meðaltali. Ljóst er að viðgerðarkostnaður í bilanatilfellum getur verið verulegur, svo sem þegar viðgerðaskip þarf að dvelja vikum saman við viðgerðir úti á rúmsjó eða bíða hagstæðs veðurs. Þetta atriði er grundvallaratriði slíkrar athugunar og óásættanlegt að slík skýrsla geri ekki grein fyrir því eða jafnvel sleppi í niðurstöðum, ef svo er. Hafi rekstrarkostnaður verið felldur inn í stofnkostnað eða hann birtur einhvers staðar í fylgiskjölum ber að taka slíkt saman og lýsa í meginskýrslu svo hún sé trúverðug.

Annað, meira tæknilegt, en þó afar mikilvægt atriði er túlkun íslenska kerfisins í tölvulíkani. Vitnað er í hermunarlíkanið Bid3 frá samstarfsaðilanum Pöyry án þess að séð verði að náð sé yfir íslenska raforkukerfið og sérstaka eiginleika þess á viðunandi hátt. Engin lýsing er gefin á hvernig rennsli, miðlanir, virkjanir og túrbínur kerfisins eru felldar inn í slíkt líkan. Skýrslan fjallar talsvert um veðurfar og breytileika þess, en veður hefur lítið að gera beint með rennsli fallvatna, sem stjórnast talsvert af snjóbráðnun á vorin og geymslu vatns í grunnvatnsgeymi. Lykilatriði er að sérstæðir eiginleikar íslenska kerfisins komi fram í slíku líkani, einkum skammtímaáhrif með tilliti til samspils við breskan stundarmarkað, og einnig með það í huga að virkur stundarmarkaður er ekki til staðar á Íslandi (jafnvel þótt Landsnet gefi út sk. jöfnunarverð).

Vafasamt er að líkan eins og Bid3 sem sniðið er að almennum aðstæðum t.d. í Evrópu nái þarna að fókusera á samspilið við breskan markað og að höndla íslenska kerfið með viðunandi hætti. Bid3 kann á hinn bóginn að ná vel utan um t.d. norska kerfið sem er líkt því íslenska, vegna þess að – sem hefur úrslitaáhrif – að þar er öflugur stundarmarkaður eða kauphöll. Fyrir þessu hefði þurft að gera grein í skýrslunni, en er ekki gert, og verður að meta það mjög óheppilegt eða jafnvel óásættanlegt. Gera þyrfti viðhlítandi grein fyrir þessu svo slík athugun sé trúverðug, en það er ekki gert.

**Fyrst og fremst skortir í skýrslunni umfjöllun og fókus á meginviðfangsefnið, strenginn sjálfan og samspil hans við sérstakt íslenskt kerfi og breskan markað á sitthvorum enda, og með öllum mikilvægum þáttum, þar með töldum rekstrarkostnaði strengsins.**



**Ráða ekki úrslitum**

Skýrslan fjallar hins vegar að verulegu, og e.t.v. óeðlilega miklu leyti, um hagræn áhrif út á við, svo og umhverfisáhrif, regluverk og lagaumhverfi og hvergi að án þess að hafa nauðsynlegan fókus á verkefnið sjálft, þ.e. strenginn. Þessi atriði ráða ekki úrslitum fyrr en grundvallarráðgjöf og hagkvæmni verkefnisins sjálfs liggur fyrir með beitingu nægilegra góðra tóla og líkana. Þá þarf að taka með í reikninginn megin kostnaðarþætti, svo sem árlegan rekstrarkostnað, eins getið var, byggt á bestu mögulegu faglegu útreikningum og líkönum einnig á sviði raforkuverkfræði.

Þessar áherslur eru kannski skiljanlegar þegar skoðaður er faglegur bakgrunnur þeirra aðila er unnu að gerð skýrslunnar út frá íslenskum aðstæðum, en þar virðist áherslan vera á önnur atriði en fagþekkingu og reynslu á sviði vatnsorkukerfa og hönnunaratriðum hins sérstæða íslenska raforkukerfis (Hydro based power system engineering). Einkum á þetta við í því tilfelli þegar enginn stundarmarkaður er til staðar og leita verður inn í kerfið sjálft. Þótt sérfræðingar samstarfsaðilans Pöyry kunni að hafa þennan bakgrunn, sér þess ekki stað í skýrslunni, eins og áður er getið, varðandi líkanið Bid3. Auðvitað er íslenska kerfið alls ekki einsdæmi í heiminum og nefna má lönd eins og Chile og Brasilíu, og önnur í þeim heimshluta og víðar en síður Noreg sem hefur þróaðan stundarmarkað, eins og áður segir.

Það skal tekið fram að ég er ekki að gera lítið úr þeim mikilvægu þáttum sem skýrslan leggur hvað mesta áherslu á og gerir að því er virðist mjög vel (hagræn áhrif út á við, umhverfisáhrif, regluverk og lagaumhverfi) en fyrst og fremst skortir í skýrslunni umfjöllun og fókus á meginviðfangsefnið, strenginn sjálfan og samspil hans við sérstakt íslenskt kerfi og breskan markað á sitthvorum enda, og með öllum mikilvægum þáttum, þar með töldum rekstrarkostnaði strengsins.

# Hin pólitíska birtingarmynd



Ellert B. Schram
fv. alþingismaður

Um daginn sendi ég stutta grein til birtingar í Fréttablaðinu sem fjallaði um jafnaðarstefnuna og gildi hennar varðandi jafnan hlut og kjör, manna í milli. Minnti á kjör eldri borgara og þá hungurlús, sem þeim er ætluð til framfæris.

Svo táknrænt gerðist það að nær samdægurs birtust niðurstöður kjararáðs um launahækkanir háttsettra formanna og forstöðumanna í opinbera kerfinu. Þær nema tugum prósenta (allt upp í nær 50% hækkun) og þar að auki marga mánuði aftur fyrir sig. Flestu af þessu fólki færðar á silfurfati hundruð þúsunda króna og rúmlega það. Fyrstu viðbrögð fjármálaráðherra voru að yppa öxlum og segja að þessi vinnubrögð væru samkvæmt lögum. En nú hefur hann lagt til að fækka þeim sem njóta fyrirgreiðslu kjararáðs (einhvern tíma seinna) sem er sýnd veiði en ekki gefin. Lögin standa. Og launahækkanirnar.

En hverjir eru það sem setja lögin, nema Alþingi og stjórnmálaflokkarnir sem þar ráða ríkjum? Hverjir voru það sem höfðu ekki efni á að hækka framfærslu eldri borgara um meir en 9,6%, frá og með síðustu áramótum (ekki aftur fyrir sig) og báru fyrir sig lögin og neysluvísitöluna? Með öðrum orðum er staðan þessi: Háttsettir ríkisforstjórar fá hækkun, (eina og sér) ofan á laun sín, á hverjum mánuði sem nemur nokkurn veginn sömu upphæð og eldra fólk fær frá almannatryggingum (ríkinu), að hámarki 190 þúsund krónur eftir skatt. Er þá ekki minnst á að ellilífeyrisþegar hafa þar að auki enga möguleika á að styrkja stöðu sína gagnvart tryggingakerfinu (og lögunum), því við hverja krónu sem fæst til viðbótar, dregst sama króna frá ellilífeyrinum. Þetta er fátæktargildran. Þetta eru lögin.

Í þessum tölum, annars vegar í launum háttsettra embættismanna og hins vegar í tryggingarkerfi eldri borgara, sjáum við birtingarmynd þeirrar misskiptingar, þeirrar mannfyrirlitningar, sem blasir við í þessu „ríka“ samfélagi okkar. Birtingarmynd mismununar á ríkum og fátækum.

Kannske er þetta skýrasta skilgreiningin og einkennið á þeim stjórnmálum og pólitískum valdhöfum sem loka augunum fyrir jafnræði og mannúð og hygla þeim efnuðu en hundsa þá fátæku. Þetta er birtingarmyndin, sem við stöndum frammi fyrir í kjörklefanum, í afstöðu okkar til flokka og baráttumála, sem íslensk pólitík snýst um.

**Væri það ekki skrítin Ella, ef þjóðin yppti öxlum eins og ráðherrann og léti það sig engu varða þegar kjör hinna ríku eru margfölduð á sama tíma og þeir efnaminni lepja dauðann úr skel?**

Ákvörðunin um aum kjör eldri borgara eða brjálaðar kauphækkanir háttsettra forstöðumanna er pólitík dagsins. Viljum við halda áfram að hygla þeim ríku eða auka jafnræði og samkennd með þeim sem bera skarðan hlut frá borði? Hvernig slær hjarta okkar, í hvoru liðinu viljum við vera? Eigum að vera? Væri það ekki skrítin Ella, ef þjóðin yppti öxlum eins og ráðherrann og léti það sig engu varða þegar kjör hinna ríku eru margfölduð á sama tíma og þeir efnaminni lepja dauðann úr skel?

Þetta snýst um fyrirgreiðslu annars vegar gagnvart ríka fólkinu og/eða hins vegar um virðingu og samkennd með þeim sem minna mega sín. Þetta snýst um pólitískar áherslur. Þetta snýst um hvað og hvern við kjósum og styðjum, þegar þar að kemur.

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is
TILKYNNA ÓVIÐEIGANDI EÐA ÓLÖGLEGT EFNI Á NETINU
INHOPE insafe
SAFT

ALLA DAGA VIKUNNAR Í OPINNI DAGSKRÁ KL. 18.30



VIÐ FLYTJUM ÞÉR
FRÉTTIRNAR
Fréttir Stöðvar 2, í opinni dagskrá alla daga vikunnar, alla daga ársins, kl. 18.30.
365 FRÉTTASTOFA

## Ellefu Ólympíufarar fengu í gær gott veganesti fyrir leikana í Ríó



**Öll á leiðinni til Ríó** Reykjavíkurborg og Íþróttabandalag Reykjavíkur afhentu í gær styrk til ellefu reykvískra íþróttamanna sem hafa tryggt sér þátttökurétt á Ólympíuleikunum og Ólympíumótinu í Ríó í sumar. Hver íþróttamaður fékk 500.000 krónur í styrk og var hann afhentur á Kjarvalsstöðum. Íþróttamennirnir eru Aníta Hinriksdóttir, Anton Sveinn McKee, Ásdís Hjálmsdóttir, Eygló Ósk Gústafsdóttir, Guðni Valur Guðnason, Helgi Sveinsson, Irina Sazonova, Jón Margeir Sverrisson, Sonja Sigurðardóttir, Thelma Björg Björnsdóttir og Þormóður Jónsson. FRÉTTABLAÐIÐ/HANNA

# KSÍ má ekki blása of mikið út

**Geir Þorsteinsson, formaður KSÍ, segir að það standi enn til að aðildarfélög sambandsins fái 300 milljónir af upphæðinni sem KSÍ fékk frá UEFA fyrir EM. Hann segir álagið á starfsfólk KSÍ hafi verið mikið í sumar.**

**FÓTBOLTI** Í viðtali sem birtist í helgarblaði Fréttablaðsins varaði Lars Lagerbäck, fráfarandi þjálfari íslenska karlalandsliðsins, við því að félögin hér heima myndu nota þetta nýja fjármagn í leikmannakaup eða launahækkanir því peningarnir myndu einfaldlega hverfa á 1-2 árum. Þeim væri betur varið í að efla þjálfun ungra leikmanna á Íslandi.

„Það bíður ákvörðunar stjórnar KSÍ. Hún hefur ekki ákveðið skiptinguna en það verður gert fljótlega,“ sagði Geir í samtali við Fréttablaðið, aðspurður hvort aðildarfélög KSÍ fengju EM-peninginn án nokkurra skilyrða um að nýta hann til að hlúa að ungum og efnilegum leikmönnum.

„Við verðum að bíða og sjá hver ákvörðun stjórnarinnar verður. Það er starfshópur innan hennar sem hefur leitt málið í nokkrar vikur. Hann kemur með tillögu að skiptingu fjármagnsins til stjórnarinnar,“ sagði Geir. „Þessir fjármunir munu fara í að efla íslenska knattspyrnu. Þeim verður vel varið í að styrkja okkar aðildarfélög en útfærslan liggur ekki fyrir.“

Í lengri útgáfu viðtalsins við Lagerbäck sem birtist á Vísi sagði hann að forráðamenn og starfsfólk KSÍ þurfa að nýta tækifærið núna til að fara yfir stöðuna og mál sem snúa að sambandinu sjálfu. Lagerbäck sagði að starfsfólk KSÍ væri ofhlaðið vinnu og Geir viðurkennir að álagið hafi verið mikið í sumar vegna EM.

„Það er búið að vera mjög mikið að gera því Evrópumótið lagðist ofan á öll okkar hefðbundnu störf. Þetta hefur reynt mikið á alla en er að sama skapi ánægjulegt og skemmtilegt,“ sagði Geir og bætti því við að það yrði að passa að KSÍ blési ekki of mikið út. Það þurfi að vera í eðlilegum hlutföllum við aðildarfélög sambandsins og það sem er að gerast innanlands.

Í áðurnefndu viðtali vék Lagerbäck einnig nokkrum orðum að landsliðsnefnd KSÍ sem hann segir að sé með óljóst hlutverk. „Við höfum hagað okkar innra skipulagi svolítið öðruvísi en hann var vanur í Svíþjóð,“ sagði Geir um landsliðsnefndina og bætti því við að mál hennar væru sífellt í skoðun. Formaðurinn ítrekar að KSÍ þurfi alltaf að vera á tánum.

> Það að er búið að vera mjög mikið að gera því Evrópumótið lagðist ofan á öll okkar hefðbundnu störf. Þetta hefur reynt mikið á alla en er að sama skapi ánægjulegt og skemmtilegt.



Geir Þorsteinsson, formaður KSÍ

**KSÍ fékk um 1,9 milljarða króna frá Knattspyrnusambandi Evrópu, UEFA, fyrir þátttöku sína og góðan árangur á EM í Frakklandi.**

„Við þurfum ávallt að vera vakandi fyrir þróun, breytingum og nýjum áherslum. Það er samt alltaf þannig í svona málum að fyrst þarf maður að sjá hvort það er fjárhagslegur styrkur til að ráðast í verkefni áður en þeim er hrint af stað. Þannig hef ég hagað málunum. Við höfum reynt að reka knattspyrnusambandið með skynsamlegum hætti þannig að við náum endum saman á hverju ári,“ sagði Geir Þorsteinsson að lokum. ingvithor@365.is




**Pepsi-deild karla í fótbolta**

**Víkingur R. - Þróttur 2-0**
1-0 Óttar Magnús Karlsson (90+1), 2-0 Gary Martin (90.+4).

Varamaðurinn Óttar Magnús breytti leiknum en hann skoraði fyrra markið með frábæru skoti. Bæði mörk Víkinga komu í uppbótartíma leiksins.

| Efri hlutinn | | Neðri hlutinn | |
|---|---|---|---|
| 1. FH | 22 | 7. Víkingur | 15 |
| 2. Stjarnan | 20 | 8. Valur | 14 |
| 3. Fjölnir | 19 | 9. ÍBV | 14 |
| 4. Breiðablik | 19 | 10. KR | 13 |
| 5. Víkingur Ó. | 18 | 11. Fylkir | 8 |
| 6. ÍA | 16 | 12. Þróttur R. | 7 |

**Pepsi-deild kvenna í fótbolta**

**FH - Stjarnan 0-3**
0-1 Harpa Þorsteinsdóttir, víti (41.), 0-2 Agla María Albertsdóttir (45.), 0-3 Harpa (45+1).

Stjörnukonur komust aftur á toppinn með þessum sigri en Blikar geta náð efsta sætinu aftur með sigri á Val í kvöld. Öll mörk Stjörnunnar komu á fimm mínútna kafla í lok fyrri hálfleiks.

| Efri hlutinn | | Neðri hlutinn | |
|---|---|---|---|
| 1. Stjarnan | 22 | 6. Selfoss | 9 |
| 2. Breiðablik | 20 | 7. Fylkir | 7 |
| 3. Valur | 17 | 8. FH | 7 |
| 4. Þór/KA | 14 | 9. KR | 6 |
| 5. ÍBV | 12 | 10. ÍA | 1 |

**SKÍÐAGÖNGULANDSLIÐIÐ FÆR LIÐSSTYRK FRÁ NOREGI**
Skíðasamband Íslands hefur valið bæði A- og B-landslið í skíðagöngu fyrir komandi vetur. Bræðurnir Snorri Einarsson og Sturla Björn Einarsson koma nýir inn í landsliðið en undanfarið hafa þeir keppt undir merkjum Noregs. Þeir eiga íslenskan föður og ákváðu að breyta og keppa fyrir Ísland. Snorri Einarsson hefur verið í landsliðum Noregs og hefur verið inni á topp 20 í heimsbikar. Aðrir í A-landsliðinu eru þeir Brynjar Leó Kristinsson og Sævar Birgisson.

**BESTA SÓKNIN STYRKIR VÖRNINA SÍNA OG BESTA VÖRNIN STYRKIR SÓKNINA SÍNA**
Tvö efstu lið Pepsi-deildar kvenna í fótbolta hafa verið að styrkja sig á síðustu dögum. Stjarnan, sem hefur skorað flest mörk í deildinni, hefur fengið til sín íslenska landsliðsmiðvörðinn Önnu Björk Kristjánsdóttur og ítalska markvörðinn Sabrinu Tasselli. Breiðablik, sem hefur fengið á sig fæst mörk, fékk í gær til sín Berglindi Björgu Þorvaldsdóttur sem hefur skorað 57 prósent marka Fylkisliðsins í Pepsídeildinni í sumar. Besta sóknarliðið er því að styrkja vörnina sína á meðan besta varnarliðið styrkir sóknina. Þetta eru ekki bara tvö efstu lið Pepsídeildarinnar því þau mætast einnig í undanúrslitum Borgunarbikarsins.



## Í dag

| | | |
|---|---|---|
| **19.05** | **Breiðablik - Valur** | Sport |
| **16.15** | **Þór/KA-ÍBV** | Þórsvöllur |
| **19.15** | **Breiðablik-Valur** | Kópavogsv. |
| **19.15** | **KR-ÍA** | Alvogenvv. |
| **19.15** | **Selfoss-Fylkir** | JÁVERK-v. |

# ERU FLUGURNAR AÐ ANGRA ÞIG?

**Artasan kynnir** Effitan flugnafæluúði er náttúrulegur og með mikla virkni. Hann virkar vel á moskítóflugur, mý, flugur, flær og skógarmítla í allt að 8 klukkutíma og það má nota hann á börn frá þriggja mánaða aldri.





Effitan flugnafæluúði er náttúrulegur og með mikla virkni. Hann virkar vel á moskítóflugur, mý, flugur, flær og skógarmítla í allt að 8 klukkutíma og það má nota hann á börn frá 3 mánaða aldri.

**NÁTTÚRULEG INNIHALDSEFNI SEM VIRKA**

Effitan kom á markað hér á landi vorið 2011 og hitti strax í mark, enda um að ræða mjög áhrifaríka skordýrafælu án allra eiturefna.

Effitan inniheldur ekki eiturefnið DEET sem er í mörgum flugnafælum og skordýraeitri en það er talið geta haft skaðleg áhrif á heilsu fólks. Virku innihaldsefnin í Effitan eru m.a. kókosolía, Eucalyptus Citriodora (sítrónu júkalyptus) og citronella sem er ilmkjarnaolía og vel þekkt sem flugnafæla í kremum, úðum og kertum. Effitan er 98,88% náttúrulegt og er virkni þess klínískt rannsökuð, bæði hjá Swiss Tropical Institute í Basel og Dr. Dautel Institut í Berlín.




**FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA**

Effitan er náttúruleg skordýrafæla og hentar fyrir alla fjölskylduna. Ófrískar konur og börn frá þriggja mánaða aldri eru ekki undanskilin en vert er að geta þess að yfir 82% af efnunum eru lífræn. Einungis þarf að varast að bera efnið á þar sem hægt er að setja það í augu og munn. Rannsóknir sýna að Effitan verndar í allt að átta klukkustundir.

**FRÍ Á SUÐRÆNNI SÓLARSTRÖND**

Við könnumst flest við hversu hvimleitt það getur verið að lenda í svöngum moskítóflugum í sólarfríinu. Að vera útbitin og að tapa sér í kláða er ekki góð skemmtun og getur í sumum tilfellum skemmt fríið. Effitan má nota að vild og ekki er verra ef við tökum nóg af B-vítamíni inn líka en pöddurnar eru margar hverjar viðkvæmar fyrir lyktinni sem þetta vítamín gefur frá sér. Það er um að gera að taka það inn daglega og leyfa lyktinni af töflunum að dreifast um innandyra.




**STANGVEIÐI, GOLF, GÖNGUR OG GARÐYRKJA**

Yfir sumartímann má segja að

> Effitan er öflug, náttúruleg flugnafæla sem hentar öllum frá þriggja mánaða aldri og verndar í allt að átta klukkustundir.
>
> Hrönn Hjálmarsdóttir, næringar- og heilsumarkþjálfi

blíðunni fylgi fluga. Það er þjóðráð að eiga Effitan í golftöskunni, bakpokanum eða í veiðitöskunni en mývargurinn getur hreinlega eyðilagt friðsæla veiðiferð. Það er líka þjóðráð að nota það þegar taka á til hendinni í garðinum.

**FLUGNAFÆLUTVENNAN**

Nú er einnig hægt að kaupa Effitan flugnafælu og B-vítamín saman í tilboðspakka og slá þar með tvær flugur í einu höggi.

**Sölustaðir:** Apótek, heilsuhús, heilsuhillur verslana og N1.

NÝTT
NUTRILENK™
GEL

Ertu með **auma** vöðva eða **stirða liði**?

*Nýja náttúrulega gelið frá **Nutrilenk** getur hjálpað þér!*

*Fæst í flestum apótekum, heilsubúðum og heilsuhillum verslana*






PRENTUN.IS



Svifflugmenn geta svifið í allt að fjóra tíma og farið nokkra tugi kílómetra í hverri ferð ef veður og vindar leyfa.



Hlín á leið á loft og spennan leynir sér ekki í svipnum.

# SVIFFLUG ER BÆÐI DANS OG LJÓÐ

**Hlín Agnarsdóttir**, rithöfundur og leikstjóri, er búsett í Svíþjóð í sumar til að endurnýja kynnin af Svíum og Svíþjóð en hún bjó í Svíþjóð fyrir mörgum árum. Hún ákvað að ögra sjálfri sér og skemmta og fór því í Dalina til að fljúga.

„Ég hef farið í fjallgöngur og fjallaferðir á Íslandi, bæði með allt á bakinu og með trúss og finnst gaman að fara út í náttúruna og takast á við hana. Svo þegar mér bauðst að prófa að fljúga á svifvængjum sagði ég auðvitað strax já,“ segir Hlín Agnarsdóttir, aðspurð um hvernig þessi flugferð kom til. „Mér finnst gaman að fljúga, er ekki lofthrædd og hef farið í nokkra flugtíma. Vinur minn Johan Erikson, sem ég bý hjá hérna, er sjálfur mikill áhugamaður um svifvængjaflug og hefur flogið um allan heim, passaði upp á að allt færi rétt fram.“

Tæknin kringum svifflug er flókin og nauðsynlegt að sækja námskeið í því að taka flugið á þennan hátt. Þar sem Hlín hefur ekki sótt slíkt námskeið tvímennti hún á einum vængjum með vönum flugmanni. „Svifvængirnir eru festir með strengjum við sæti sem flugmaðurinn er spenntur niður í með öryggisbelti, alveg eins og í flugvél. Á strengjunum eru handföng sem flugmaðurinn notar til að stýra vængjunum. Svo er beðið eftir ákveðnum veður- og vindskilyrðum og tekið á sprett, helst fram af klettum eða hæð. Þú verður bara að treysta á efnið í vængjunum og strengina sem þú stjórnar vængjunum með, eins og þú sért að stjórna strengjabrúðu. Það má ekki vera of mikill vindur, 4-5 m/sek er mjög gott en má ekki fara yfir 10 m/sek. Fólk getur flogið í allt að 4.000 metra hæð á þessum vængjum og í allt að þrjá til fjóra tíma. Svo eru bremsur í strengjunum og þú notar loftuppstreymið til að spinna þig niður og velur staðinn vel sem ætlunin er að lenda á.“

> Mér finnst mjög fagurfræðilega fullnægjandi hvernig hægt er að hækka sig og lækka og gera hringi og spinna sig niður og upp. Þetta er eiginlega bæði eins og dans og eins og ljóð.
>
> Hlín Agnarsdóttir

Hlín segir þetta fyrsta flug hafa haft mikil áhrif á sig og hún er staðráðin í að fara aftur. „Tilfinningin þegar maður lyftist upp er alveg ólýsanleg. Ég hljóp reyndar ekki fram af neinu heldur var dregin á loft af bíl en þegar spottinn sem tengir við bílinn er losaður þá byrjar maður að svífa. Við fórum mjög hátt upp, mjög fljótt, upp í 1.000 metra og það er ekki hægt að lýsa því hvað þetta er dásamleg tilfinning. Við vorum bara tíu mínútur í loftinu enda ráðlagt að byrjendur séu ekki of lengi en ef það væri eitthvað hægt að setja út á þá fannst mér ferðin allt of stutt. Um leið og ég var lent þá vildi ég fara strax aftur og næst langar mig að prófa að fljúga fram af einhverju í vindi.“

Hlín fylgdist einnig með svifflugmönnum og segir að séð af jörðu niðri sé svifflugið listform. „Þetta er allt saman leikur að loftuppstreyminu og straumunum í himninum. Mér finnst mjög fagurfræðilega fullnægjandi hvernig hægt er að hækka sig og lækka og gera hringi og spinna sig niður og upp. Þetta er eiginlega bæði eins og dans og eins og ljóð.“

Hún segir svifflugið taka á flesta vöðva líkamans og var fegin að vera í sæmilegu formi. „En svo er þetta best fyrir andann, að ögra sjálfum sér og þora að fljúga og treysta. Þetta eflir hugrekkið og sjálfstraustið og sjálfsmatið og ég held að við þurfum svo mikið á þessu að halda.“

**brynhildur@365.is**

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Svanur Valgeirsson** | Umsjónarmenn efnis: **Sólveig Gísladóttir,** solveig@365.is, s. 512 5351, **Vera Einarsdóttir,** vera@365.is, s. 512 5357 | Sölumenn: **Atli Bergmann,** atlib@365.is, s. 512 2447, **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434, **Jóhann Waage,** johannwaage@365.is, s. 512 5439, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.is, s. 512 5429

Þurr augu?



Tvöföld virkni

Sex sinnum lengri ending

án rotvarnarefna

Thealoz Duo® er ný aðferð við meðhöndlun augnþurrks sem sækir innblástur beint til náttúrunnar.

Til þess að koma jafnvægi á tárafilmuna notum við náttúrulegu efnin trehalósa, sem kemur á jafnvægi og verndar frumurnar á yfirborði hornhimnunnar, og hýalúronsýru, sem smyr yfirborð hornhimnunnar og gefur henni raka.

Fæst í öllum helstu apótekum.

provision



STÓRÚTSALA

40%-60%

AFSLÁTTUR

GLÆSILEGIR FRAKKAR OG KÁPUR

GERRY WEBER
TAIFUN - BETTY BARCLAY

GÆÐA DÖMUFATNAÐUR

Skoðið laxdal.is

BERNHARD LAXDAL

Laugavegi 63 • S: 551 4422

Vertu vinur á Facebook



GrodurhusSMH



# Ertu með græna fingur?

## Nú getur þú látið drauminn um eigið gróðurhús rætast!

Við bjóðum upp vönduð gróðurhús á viðráðanlegu verði.
Stærð 3.10 Lengd 2.50 breidd og 1,95 hæð

**Verð áður: 175.000 kr.**
**Tilboðsverð: 125.000 kr.**

*Samsetning*

Húsin er afhent ósamsett en afar einfalt er smella þeim saman. Plastklæðnigin smellur inn í raufar á álgrindinni og gott er að kítta aðeins plastið áður til tryggja enn betur festuna.

*Sjón er sögu ríkari*

Hægt er að koma á staðinn og skoða uppsett sýningarhús. Best er að hafa samband áður til að tryggja að starfsmaður okkur sé á staðnum til að taka á móti þér.

GrodurhusSMH

SMH Gróðurhús ehf – S: 866 9693 – smhgrodurhus@gmail.com

# ATVINNA

## Atvinna í boði

Bæjarbakarí í Hafnarfirði óskar eftir að ráða fólk í ýmis störf í afgreiðslu í framtíðarstarf. Íslenskukunnátta skilyrði. Umsóknir sendar á bakari@bakari.is Uppl. í s. 555 0480

Verktakafyrirtæki á Akureyri óskar eftir vönum járnabindingarmönnum. Símar: 820-7060 / 840-0609 vaverktakar@gmail.com

## Atvinna óskast

**PROVENTUS STARFSMANNAÞJÓNUSTA**
Útvegum starfsmenn til fjölbreytilegra starfa um lengri eða skemmri tíma.
**Nánari upplýsingar í síma 775-7373 eða sendið fyrirspurn á netfangið proventus@proventus.is**

# TILKYNNINGAR

## Tilkynningar

BÍLAR ÓSKAST! óska eftir bíl á 30-300.000þ. staðgreitt. Má þarfnast lagfæringar. S. 8589319

## til sölu

**Verslunarinnréttingar úr Korpu Outlet**
Fataslár – fatastandar – hillur – pinnar - körfur - gínur og margt fleira.
**Til sölu á Korputorgi frá 13-16, aðeins á þriðjudag og miðvikudag.**
Aðeins greiðsla með korti.
Innréttingarnar þarf að fjarlægja strax.







## fasteignir


**FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.**

ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

**Flétturimi 33 - 2ja herbergja íbúð**

**Eignin verður til sýnis í dag frá kl. 17.15 – 17.45**




Falleg 67,1 fm. íbúð með verönd til vesturs í góðu fjölbýlishúsi á barnvænum stað. Hellulögð verönd til vesturs út af stofu. Rúmgott svefnherbergi. Stutt er í leikskóla og skóla og þjónustu. Leiksvæði í næsta nágrenni og stutt í íþróttasvæði og sundlaug. **Verð 26,9 millj. Verið velkomin.**


## útboð


**VÍS ÚTBOÐ**




**M/b Brekkunes ÍS 110**

Vátryggingafélag Íslands óskar eftir tilboðum í **m/b Brekkunes ÍS 110**, fastanúmer 7398. Samkvæmt upplýsingum úr skipaskrá Samgöngustofu er báturinn 6,41 brúttólest, 5,92 brúttótonn, 8,59 m að lengd, smíðaður árið 1992 af Bátasmiðju Guðmundar.

Báturinn selst í því ástandi sem hann er í eftir sjótjón. Skoða má bátinn í höfninni á Bolungarvík. Vél og drif bátsins var skoðað af vélsmiðju og samkvæmt þeirri skoðun er hældrif bátsins heilt. Vél bátsins er ógangfær en viðgerðarhæf. DNG rúllur fylgja ekki.

Útboðið stendur til kl. 13.00, 27. júlí 2016. Áskilinn er réttur til að taka hvaða tilboði sem er eða hafna öllum.

Nánari upplýsingar veitir Hallmundur Hallgrímsson, starfsmaður VÍS, í síma 660-5229.

Tilboðsskil á **utbod.vis.is**

vís


## atvinna


**SMIÐIR - VERKAMENN - MÚRARAR**

**ERUM MEÐ VANA SMIÐI, VERKAMENN, MÚRARA OG PÍPARA SEM ERU KLÁRIR Í MIKLA VINNU.**

**HANDAFL EHF s. 777 2 333**

**Blikksmiður / Nemi**

Blikksmiðjan Vík ehf. óskar eftir að ráða blikksmið eða starfsmann vanan málmsmíði.

Einnig óskum við eftir að ráða nema til starfa.

**Umsóknir sendist á eyjolfur@blikkvik.is**
**Öllum verður svarað.**

BLIKKSMIDJAN VÍK

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is




FRÉTTABLAÐIÐ

**59,5%**

**íbúa á höfuðborgarsvæðinu á aldursbilinu 12–80 ára lesa Fréttablaðið daglega.***

Skv. Prentmiðlamæling Gallup, jan.-mar. 2016




**Hægt er að lesa Fréttablaðið í dag á vísir.is og í Fréttablaðs-appinu.**

Þú færð appið á visir.is/fbl eða beint í gegnum

App Store · Google Play · Microsoft




Allt sem þú þarft ...

# Við gætum verið með næsta starfsmann mánaðarins á skrá

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

capacent

www.capacent.is

Nýtt

# Mmmm ...
# Möndlustykki frá Myllunni




## *Smakkaðu nýju Möndlustykkin frá Myllunni strax í dag!*

Dúnmjúk og nýbökuð, fullkomin með kaffibollanum eða mjólkurglasinu. Möndlukakan frá Myllunni hefur verið ein vinsælasta kaka þjóðarinnar um áraraðir. Nú getur þú gripið með þér gómsæta nýjung, Möndlustykki frá Myllunni í næstu verslun.

Komdu fjölskyldunni á óvart og bjóddu upp á Möndlustykki frá Myllunni með kaffinu í dag.

*Settu Myllu Möndlustykki í nestispakkann – fullkominn biti í lok máltíðar.*




## *Taktu nýju Möndlustykkin frá Myllunni með í ferðalagið*

Það eru fjögur fullkomin Myllu Möndlustykki í hverjum pakka. Möndlustykkin eru í handhægum umbúðum sem fara vel í farangrinum. Myllu Möndlustykkin eru tilvalinn ferðafélagi í útileguna, gönguferðina eða fjallgönguna.

MYLLAN
ALLTAF NÝ BAKAÐ

@myllubraud /Myllubraud

*Kynntu þér vörur Myllunnar á* ***myllan.is*** *og fylgstu með okkur á* ***facebook og Twitter***

FRÉTTABLAÐIÐ
# TÍMAMÓT
19. JÚLÍ 2016 ÞRIÐJUDAGUR



✝

Faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Sveinn P. Jakobsson**

jarðfræðingur,

lést þriðjudaginn 12. júlí 2016.
Útför hans fer fram frá Háteigskirkju
föstudaginn 22. júlí kl. 13.00.

**Hulda Þóra Sveinsdóttir** **Arnar Árnason**
**Thordis Hofdahl** **Nikolaj Hjelm Kaplan**
**Elisabeth Hofdahl**
**barnabörn.**



✝

Ástkær eiginkona mín,
móðir, amma og systir,

**Sólrún Þ. Vilbergsdóttir**

Melabraut 12, Seltjarnarnesi,

lést á gjörgæsludeild Landspítala
miðvikudaginn 13. júlí síðastliðinn.
Útför fer fram í Dómkirkjunni
föstudaginn 22. júlí næstkomandi
klukkan 13.00.

**Kristján G. Snædal**
**Katrín Björg** **Viðir Orri Hauksson**
**Davíð Snædal**
**Gunnlaugur Vilberg Snædal** **Helga Hilmarsdóttir**
**Jóhanna Ósk Snædal** **Ingjaldur Örn Pétursson**
**barnabörn og systkini.**



✝

Hjartkær eiginkona mín, móðir okkar,
tengdamóðir, amma og langamma,

**Stella Björk Georgsdóttir**

lést á Heilbrigðisstofnun
Suðurlands 13. júlí.
Útförin fer fram frá Selfosskirkju
föstudaginn 22. júlí kl. 15.00.

**Haukur Jóhannsson**
**Rúnar Hauksson** **Bryndís Magnúsdóttir**
**Jóhanna V. Hauksdóttir** **Páll M. Stefánsson**
**Örn Hauksson** **Gréta Steindórsdóttir**
**barnabörn og langömmubörn.**






Ísleifur Jónsson
Útfararstjóri
Farsími 821 5353

Steinunn Magnúsdóttir
Útfararþjónusta
Farsími 861 3441

ÚTFARARSTOFA ÚTFR REYKJAVÍKUR
Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353
www.usr.is
isleifur@usr.is
Þjónusta allan sólarhringinn

Við andlát ástvinar: Nærgætni, hlýja og virðing
Áratuga reynsla við útfararþjónustu





Útfarar- og lögfræðiþjónusta

Við önnumst alla þætti undir-
búnings og framkvæmd útfarar
ásamt vinnu við dánarbússkiptin.
Við þjónum með virðingu
og umhyggju að leiðarljósi
og af faglegum metnaði.

ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA

Útfararstofa kirkjugarðanna
Vesturhlíð 2 Fossvogi | Sími 551 1266 | útför.is


ÞETTA GERÐIST: 19. JÚLÍ 1974

## Barist um þorskinn á Íslandsmiðum

Varðskipið Þór stóð breska togarann C.S. Forester að ólöglegum veiðum og elti hann um 120 mílur á haf út. Varðskipið skaut átta fallbyssuskotum að togaranum áður en hann stoppaði og þá kom leki að honum. Skipstjóri togarans, Dick Taylor, hlaut fjögurra ára fangelsisdóm fyrir brotið.

Fiskveiðilögsaga Íslands var færð úr þremur mílum í 200 mílur í þremur áföngum eftir miðja síðustu öld, fyrst í 12, svo 50 og að lokum 200. Breytingarnar voru að mestu í samræmi við alþjóðalög þess tíma en Bretar ákváðu samt að mótmæla þeim. Varðskipið Þór tók þátt í öllum þorskastríðunum.



**Herskip Breta siglir á varðskip.**



✝

**Hulda Guðbjörg Böðvarsdóttir**

lést 13. júlí 2016.
Útför fer fram frá Árbæjarkirkju
föstudaginn 22. júlí kl. 15.00.

**Aðstandendur.**



✝

Þökkum öllum þeim er sýndu okkur
samúð og hlýhug við andlát
okkar ástkæra

**Sveins Magna Daníelssonar.**

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Fanney Dóra Kristmannsdóttir**



✝

Ástkær eiginkona mín, móðir,
tengdamóðir og amma,

**Jóhanna Hafdís Friðbjörnsdóttir**

(Dísa)

lést á Sjúkrahúsi Akureyrar þann 15. júlí.
Útför hennar verður frá Akureyrarkirkju
þann 22. júlí kl. 13.30.

**Baldur Steingrímsson**
**Kristín Inga Hilmarsdóttir**
**Berglind Valberg**
**Birna Soffía Baldursdóttir**
**Jóhann Níels Baldursson**
**tengdabörn og barnabörn.**



✝

Ástkær eiginmaður minn,
faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**SIGMUNDUR FREYSTEINSSON**

verkfræðingur,

lést á Landspítalanum
föstudaginn 15. júlí.
Útförin fer fram mánudaginn 25. júlí
kl. 13 frá Dómkirkjunni í Reykjavík.

**Sigríður Jónsdóttir**
**Jón Sigmundsson, Björn Sigmundsson**
**Freysteinn Sigmundsson** **Ástþrúður Sif Sveinsdóttir**
**Ólafur Sigmundsson** **Hulda Lind Eyjólfsdóttir**
**og fjölskyldur.**



✝

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar,
tengdamóðir og amma,

**Ingibjörg M. Jóhannsdóttir**

Holtsmúla, Skagafirði,

lést fimmtudaginn 7. júlí.
Útför hennar fer fram fimmtudaginn
21. júlí kl. 14.00 frá Sauðárkrókskirkju.

**Sigurður Dalmann Skarphéðinsson**
**Helga Kristín Sigurðardóttir** **Páll Jóhannsson**
**Eyþór Dalmann Sigurðsson**
**barnabörn og langömmubörn.**



✝

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

**Elísabet Sigurjónsdóttir**

fyrrverandi bóndi
í Þjóðólfstungu í Bolungarvík,

lést á Hjúkrunarheimilinu í Bolungarvík
1. júlí 2016. Útför hennar fer fram 21. júlí
frá Hólskirkju í Bolungarvík kl. 14.00. Blóm og kransar
afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á
kvennadeild Slysavarnafélagsins í Bolungarvík.

**Finnbogi Bernódusson** **Sigríður Bernódusdóttir**
**Sveinn Bernódusson** **Sesselja Bernódusdóttir**
**Trausti Bernódusson** **Jón Pálmi Bernódusson**
**Guðlaug Bernódusdóttir** **Hildur Bernódusdóttir**
**tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Ástkær eiginkona mín, systir,
móðir okkar, tengdamamma,
amma og langamma,

**Ástríður Jóhannsdóttir**

Mörk,
Suðurlandsbraut 60,

lést í faðmi fjölskyldunnar þriðjudaginn 5. júlí
á hjúkrunarheimilinu Skjóli. Útförin fer fram
frá Fossvogskirkju 22. júlí, kl. 13.00.

**Helgi Ó. Björnsson**
**Esther A. Jóhannsdóttir**
**Björn Helgason** **Ásta Harðardóttir**
**Sigrún H. Helgadóttir** **Alfred G. Matthíasson**
**Anna Helgadóttir** **Gunnar Kristófersson**
**Jóhann Helgason**



✝

Ástkær móðir mín, tengdamóðir,
amma og langamma,

**Guðbjörg Ólína Þórarinsdóttir**

(Didda)

Lautarsmára 1, Kópavogi,

lést þann 13. júlí og verður jarðsungin frá Digraneskirkju
fimmtudaginn 21. júlí kl. 15.00.
Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vildu minnast
hennar er bent á Minningarsjóð Karitas.

**Helgi Kristján Gunnarsson** **Linda Ósk Sigurðardóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**


ilmurinn er indæll
og bragðið eftir því
Katla
vöfflur
500 g
Katla
vöfflur
ÞURREFNABLANDA
Létta uppskriftin
www.katla.is

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Þriðjudagur




Hæg austlæg átt og skýjað með köflum en skýjað og lítils háttar rigning syðst síðdegis en víðar á sunnanverðu landinu undir kvöld. Hlýtt í veðri.

## Miðvikudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 15° | 15° | 16° |
| ↙ 2 | ↙ 4 | ← 6 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| 10° | 12° | 15° |
| ↓ 4 | ← 4 | ← 2 |

## Fimmtudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 16° | 12° | 12° |
| ↖ 4 | ← 6 | ↙ 3 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| 11° | 12° | 11° |
| ↓ 5 | ↓ 1 | ↓ 5 |

## Þrautir

### Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. barnahjal
6. í röð
8. hamfletta
9. að
11. kraðak
12. einkennis
14. trimm
16. snæddi
17. frjó
18. grús
20. bardagi
21. tigna.

**LÓÐRÉTT**
1. getraun
3. frá
4. ofbjóða
5. læsing
7. stoppistöð
10. yfirbreiðsla
13. mærð
15. fögnuður
16. tunna
19. tveir eins




**Lausn**

LÁRÉTT: 2. babl, 6. áb, 8. flá, 9. til, 11. ös, 12. aðals, 14. skokk, 16. át, 17. fræ, 18. möl, 20. at, 21. aðla.
LÓÐRÉTT: 1. gáta, 3. af, 4. blöskra, 5. lás, 7. biðstöð, 10. lak, 13. lof, 15. kæti, 16. áma, 19. ll.

### Skák Gunnar Björnsson

Birkir Karl Sigurðsson (1830) átti leik gegn Wales-verjanum Alex Bullen (2045) á alþjóðlegu móti í Cardiff í Wales fyrir skemmstu.

**27...Df2! 28. Dxh5 Dxe1+.** Hvítur gaf. Það er sama hverja hann leikur. Meira líðstap verður ekki umflúið. Í dag tefla við útitaflið við Lækjartorg ólympíumeistararnir undir 16 ára frá árinu 1995 við ólympíufarana nú.
**www.skak.is:** Fjör við útitaflið í dag.

**Svartur á leik**



### Sudoku

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 3 | | | 4 | 7 | | 1 | |
| 9 | | 5 | 1 | 2 | | | 6 | 7 |
| | | 7 | | 5 | | 2 | | |
| 2 | | 8 | | | 4 | 1 | 7 | 3 |
| 3 | | 9 | | | | | | 5 |
| | 1 | | | | | 9 | 8 | |
| 4 | | | | 3 | 8 | | | |
| | 9 | | 7 | | | | | |
| | 8 | 1 | | | 2 | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 9 | | 1 | | | 2 | | |
| 4 | | 6 | 8 | | | | | 9 |
| | 3 | 7 | | | | | 6 | |
| | | 8 | | | 1 | 6 | | |
| 3 | | 9 | | | 4 | | 7 | |
| 7 | 2 | | | 6 | | | | 5 |
| | 8 | | | | 2 | | | 4 |
| 9 | 7 | 4 | | | 8 | | | |
| | | | | | 9 | | 3 | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 1 | | | | 6 | | |
| | 4 | | | | 9 | 5 | 1 | 3 |
| 8 | | | | 4 | | 7 | | 9 |
| | 5 | | 3 | | | | | |
| | | | 8 | | 2 | | | |
| | | | | 6 | 1 | | | |
| | 6 | | | 2 | | 3 | 5 | 7 |
| | | 4 | | | | | | |
| 3 | 9 | | | | | | | 8 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

**Lausn síðustu sudoku →**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 5 | 6 | 8 | 2 | 7 | 9 | 4 | 3 |
| 3 | 2 | 9 | 4 | 6 | 1 | 5 | 7 | 8 |
| 7 | 8 | 4 | 5 | 9 | 3 | 6 | 1 | 2 |
| 9 | 7 | 5 | 1 | 3 | 8 | 4 | 2 | 6 |
| 2 | 4 | 1 | 9 | 5 | 6 | 3 | 8 | 7 |
| 6 | 3 | 8 | 7 | 4 | 2 | 1 | 5 | 9 |
| 4 | 9 | 2 | 3 | 8 | 5 | 7 | 6 | 1 |
| 5 | 6 | 7 | 2 | 1 | 9 | 8 | 3 | 4 |
| 8 | 1 | 3 | 6 | 7 | 4 | 2 | 9 | 5 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 7 | 8 | 9 | 1 | 4 | 6 | 3 | 5 |
| 9 | 1 | 3 | 6 | 5 | 2 | 7 | 8 | 4 |
| 4 | 6 | 5 | 3 | 7 | 8 | 9 | 2 | 1 |
| 5 | 9 | 2 | 8 | 6 | 7 | 1 | 4 | 3 |
| 3 | 4 | 7 | 1 | 9 | 5 | 8 | 6 | 2 |
| 1 | 8 | 6 | 2 | 4 | 3 | 5 | 7 | 9 |
| 6 | 3 | 9 | 4 | 8 | 1 | 2 | 5 | 7 |
| 7 | 2 | 1 | 5 | 3 | 6 | 4 | 9 | 8 |
| 8 | 5 | 4 | 7 | 2 | 9 | 3 | 1 | 6 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 7 | 9 | 2 | 6 | 1 | 5 | 8 | 4 |
| 4 | 8 | 6 | 5 | 9 | 7 | 1 | 3 | 2 |
| 2 | 5 | 1 | 8 | 3 | 4 | 6 | 9 | 7 |
| 5 | 4 | 3 | 7 | 1 | 9 | 8 | 2 | 6 |
| 6 | 1 | 7 | 3 | 2 | 8 | 9 | 4 | 5 |
| 8 | 9 | 2 | 6 | 4 | 5 | 3 | 7 | 1 |
| 9 | 3 | 4 | 1 | 7 | 6 | 2 | 5 | 8 |
| 7 | 6 | 8 | 9 | 5 | 2 | 4 | 1 | 3 |
| 1 | 2 | 5 | 4 | 8 | 3 | 7 | 6 | 9 |

## Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman







# Afmælistilboð í dag

30% stærra




+30%

# Fáðu stærra Heimilisbrauð í dag

**Heimilisbrauðið er 20 ára. Fáðu 30% meira í dag.**

Heimilisbrauðið er 20 ára. Myllan heldur upp á afmælið með margs konar kostaboðum, allt árið. Nú færðu Heimilisbrauðið 30% stærra en venjulega, á sama góða verðinu. Fylgstu vel með á myllan.is. Fáðu þér gott Heimilisbrauð í dag, 30% stærra.

**Afmælistilboðið gildir á meðan birgðir endast.**

Fáðu meira frá Myllunni!

MYLLAN
ALLTAF NÝBAKAÐ










# Hvað? Hvenær? Hvar?
Þriðjudagur

hvar@frettabladid.is


DJ Óli Dóri spilar á Kaffibarnum í kvöld frá klukkan 21.00. MYND/PJETUR

**19. JÚLÍ 2016**

## Líkamsrækt

**Hvað?** Full moon jóga
**Hvenær?** 17.30
**Hvar?** Sólir, Fiskislóð
Gísli Gunnarsson Bachmann heldur jógatíma í tilefni fulls tungls. Hvert fullt tungl ber ákveðið nafn sem notað var sem eins konar dagatal til að halda utan um árstíðirnar. Í júlí nefnist tunglið Full buck moon eða Full thunder moon. Áherslan verður á afslappaða orku, undirbúning og ásetning fyrir haustið. Gísli fékk kennararéttindin sín á Indlandi en hann nýtir einnig reynslu sína úr bardagalistum og fimleikum til þess að nálgast líkamann á eins heildrænan hátt og mögulegt er. Tíminn verður 90 mínútur í hlýjum sal þar sem áhersla verður lögð á rétta beitingu í öllum stöðum en einnig til að dýpka innri tilfinningu hvers og eins. Frítt inn fyrir meðlimi en 2.200 kr. fyrir stakan tíma.

**Hvað?** WCS Þriðjudanskvöld
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Hressingarskálinn, Austurstræti 20
Eins og áður þá eru þriðjudanskvöldin á sínum stað á Hressó en DJ Haukur mun sjá um að halda stuðinu uppi.

**Hvað?** Dans í dimmu
**Hvenær?** 18.50
**Hvar?** Dansverkstæðið, Skúlagata 30
Dans í Dimmu er klukkutími á þriðjudögum þar sem fólk kemur saman, dansar og gleðst í myrkinu. Tíminn kostar 1.000 krónur og aðeins er tekið við reiðufé.

## Frumsýningar

**Hvað?** Nexusforsýning á Star Treck beyond
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Sambíóin Egilshöll
Á þessari sjöttu Nexusforsýningu ársins 2016 verður nýjasta Star Trek-myndin sýnd. Star Trek fagnar 50 ára afmæli en fyrstu þættirnir fóru í loftið í Bandaríkjunum árið 1966. Ekkert hlé verður á þessari sérstöku forsýningu. Miða er hægt að nálgast í Nexus, ef ekki er orðið uppselt nú þegar, en þeir kosta 1.900 kr.

## Fundir

**Hvað?** Undirbúningur fyrir druslugönguaðgerð Amnesty
**Hvenær?** 19.00
**Hvar?** Íslandsdeild Amnesty International, Þingholtsstræti 27
Í tilefni druslugöngunnar sem farin verður 23. júlí mun ungliðahreyfing Amnesty verða með viðburði þar. Haldinn verður undirbúningsfundur þar sem viðburðirnir verða undirbúnir og ákveðnir.

## Tónleikar

**Hvað?** Sigtryggur Berg & crys cole
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Mengi, Óðinsgata 2
Kanadíska hljóðlistakonan crys cole og íslenski myndlistar- og tónlistarmaðurinn Sigtryggur Berg Sigmarsson halda tónleika í Mengi í kvöld. Tónleikarnir verða tvískiptir þar sem tónlist Sigtryggs hljómar í fyrri hluta svo tekur crys cole við. Aðgangseyrir er 2.000 kr.

**Hvað?** DJ Óli Dóri
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Kaffibarinn
Óli Dóri er vel þekktur plötusnúður í íslensku tónlistarsenunni þar sem hann spilar mikið af nýrri og spennandi tónlist ásamt því að vera með sinn eigin útvarpsþátt á X-inu 977.

**Hvað?** KEX Jazz
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** KEX Hostel
KEX Hostel verður uppfullt af djass- tónlist í kvöld og því má búast við stuði og stemningu.


Full moon-jóga verður í Sólum í dag kl. 17.30. MYND/GETTY

## Opið hús

**Hvað?** Opið hús - Flókakonan
**Hvenær?** 14.00
**Hvar?** Verslunarmiðstöðin Brekkuhúsum
Í tilefni af formlegri opnun vinnustofu og búðar Flókakonunnar höfum við ákveðið að hafa opið hús hjá Brekkuhúsi 1. Allir velkomnir.

**Hvað?** Íslenska teiknibókin
**Hvenær?** 10.00
**Hvar?** Flói, Harpa
Íslenska teiknibókin er unnin af fjórum óþekktum listamönnum á tímabilinu 1330-1500 og er einstæð meðal íslenskra miðaldahandrita og ein af fáum fyrirmyndabókum sem varðveist hafa í Vestur-Evrópu. Sýning er á öllum fyrirmyndum bókarinnar með útskýringum auk eftirgerða á skinn af nokkrum blöðum handritsins. Sýningarstjóri er Guðbjörg Kristjánsdóttir listfræðingur en hún hefur rannsakað verkið um áratugaskeið. Miðaverð er 1.500 krónur.

**Hvað?** Icelandic Sagas: The greatest hits
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Norðurljós, Harpa
Íslendingasögurnar eru reifaðar fyrir áhorfendum á ensku. Sýningin stendur yfir í 75 mínútur og eru áhorfendur leiddir í sannleikann um hvernig maður fer konu sína til að hætta að drepa þræla nágrannanna, hvernig skuli bregðast við þegar manni er sagt að stanga rassagarnarenda merarinnar úr tönnum og margt fleira. Miðaverð er 4.900 krónur.

**Hvað?** Bowie – The Session
**Hvenær?** 11.00
**Hvar?** Esja, Harpa
Ljósmyndasýningin Bowie – The Session eftir ljósmyndarann Gavin Evans stendur nú yfir á 4. hæð Hörpu, í Esju. Gavin hefur myndað fjölda þekktra andlita á ferlinum. Sýningin var opnuð fyrst í febrúar í Berlín og mun ferðast vítt og breitt um heiminn á árinu. Miðaverð er 1.500 krónur.

**Hvað?** Þögul leiftur – ljósmyndasýning Vesturfarasetursins
**Hvenær?** 11.00
**Hvar?** Esja, Harpa
Ljósmyndasýningin Þögul leiftur stendur nú yfir á þriðju hæð Hörpu, í Esju. Á sýningunni eru nærri 400 ljósmyndir af íslenskum landnemum eftir Nelson Gerrard. Flestar myndirnar eru teknar af Íslendingum eða afkomendum þeirra og sýna ljósmyndirnar vel verklag við ljósmyndun á þessum tíma og ýmsa áhugaverða hluti og muni sem fólk átti til. Miðaverð er 1.500 krónur.




GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L

# DAGSKRÁ



**MURDER IN THE FIRST**
Stórgóðir spennuþættir þar sem Englis og Mulligan rannsaka flókin glæpamál sem upp koma í San Francisco.

FRÁBÆR
ÞRIÐJUDAGUR
Fáðu þér áskrift á **365.is**
365

**THE DETOUR**
Nate fer í ferðalag með fjölskyldu sinni og það verður talsvert viðburðaríkara en hann bjóst við. Hér er á ferðinni frábær gamanþáttur sem léttir lund á þriðjudagskvöldi.



**RUSH HOUR**
Bráðskemmtilegir spennuþættir sem eru byggðir á samnefndri kvikmynd og fjalla um tvo gerólíka lögreglumenn sem stilla saman strengi sína og samvinna þeirra endar oft á tíðum með spaugilegum uppákomum.



**OUTSIDERS**
Hörkuspennandi þættir sem fjalla um Farrell fjölskylduna sem er eins konar utangarðsfólk sem lifir eftir eigin reglum hátt uppi í Appalachia-fjöllum.



**NEED FOR SPEED**
Tobey er dæmdur saklaus til fangelsisvistar og meðan hann situr inni planar hann hefnd sína á manninum sem ber ábyrgð á fangelsisvist hans.



**GRACELAND**
Spennandi þáttasería um ungan nýliða í bandarísku alríkislögreglunni sem er sendur til starfa í Kaliforníu undir fölsku flaggi í innsta hring glæpasamtaka.



Krakka stöðin
**LUKKU LÁKI**
Skemmtileg teiknimynd um kúrekann Lukku Láka sem ferðast um villta vestrið og heldur uppi friði.



Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag. 365.is

## Þriðjudagur

### STÖÐ 2

07.00 **Simpson-fjölskyldan**
07.20 **Ærlslagangur Kalla kanínu og félaga**
07.45 **The Middle**
08.10 **Mike and Molly**
08.35 **Ellen**
09.15 **Bold and the Beautiful**
09.35 **The Doctors**
10.15 **Junior Masterchef Australia**
11.05 **Suits**
11.50 **Jamie & Jimmy's Food Fight Club**
12.35 **Nágrannar**
13.00 **The X Factor UK**
14.05 **The X Factor UK**
15.40 **The X Factor UK**
17.15 **Simpson-fjölskyldan** Lífið hjá Hómer og Marge Simpson gengur sinn vanagang en ekki líður sá dagur að þau eða börnin, Bart, Lísa og Maggie, rati ekki í vandræði! Fjölskyldan býr í bænum Springfield þar sem ekki verður þverfótað fyrir furðufuglum. Ævintýri fjölskyldunnar eru með vinsælasta sjónvarpsefni allra tíma.
17.40 **Bold and the Beautiful** Forrester-fjölskyldan er leiðandi í tískuheiminum en miklum vinsældum fylgir líka mikil ábyrgð og pressa á að standa sig. Endalaus valdabarátta og erjur utan sem innan fyrirtækisins setja stundum mark sitt á starfsemina og ekki hjálpa flóknu fjölskyldutengslin til.
18.05 **Nágrannar**
18.30 **Fréttir Stöðvar 2** Fréttastofa Stöðvar 2 flytur fréttir í opinni dagskrá.
18.50 **Íþróttir**
19.10 **Friends** Þá er komið að lokaþættinum að sinni um vinina góðu. Spurningin er hvort allt gengur upp hjá Monicu og Chandler en í síðasta þætti virtist Chandler vera að guggna á hjónabandinu. Stórstjarnan Gary Oldman er gestaleikari í þættinum.
19.30 **The Comeback** Önnur gamanþáttaröðin með Lisu Kudrow, betur þekkt sem Phoebe úr Vinum, í aðalhlutverki. Segja má að þessir bráðfyndnu þættir séu sumpart byggðir á hennar eigin lífi því hún leikur fyrrverandi gamanþáttastjörnu sem gerir örvæntingarfulla og hálf pínlega tilraun til að slá í gegn á ný. Kudrow leikur Valerie, góðhjartaða leikkonu sem er með stjörnuveiki á háu stigi.
20.25 **2 Broke Girls**
20.45 **The Detour**
21.10 **Rush Hour**
21.55 **Murder in the First**
22.40 **Outsiders**
23.25 **Mistresses**
00.10 **Bones**
00.55 **Orange is the New Black**
01.55 **You're The Worst**
02.20 **NCIS**
03.00 **Seventh Son**
04.40 **Public Morals**
05.20 **The Middle**
05.45 **Mike and Molly**

### STÖÐ 3

17.45 **Raising Hope**
18.10 **The Big Bang Theory**
18.30 **Modern Family**
18.55 **Fóstbræður**
19.25 **Entourage**
19.55 **Dulda Ísland**
20.50 **Last Man Standing**
21.15 **Silicon Valley**
21.45 **Graceland**
22.30 **Legends of Tomorrow** Frábærir nýir þættir frá Warner úr smiðju DC Comics sem fjalla um tímaflakkarann Rip Hunter sem er beðinn um að safna saman ólíkum hópi ofurhuga og skúrka sem í sameiningu og með ólíkum kröftum og hæfileikum eiga að reyna að koma í veg fyrir endalok heimsins eins og við þekkjum hann.
23.15 **Salem**
00.00 **Fóstbræður**
00.25 **Entourage**
00.55 **Dulda Ísland**
01.45 **Last Man Standing**
02.05 **Silicon Valley**
02.35 **Tónlist**

### KRAKKASTÖÐIN

07.00 **Könnuðurinn Dóra**
07.24 **Mörgæsirnar frá Madagaskar**
07.47 **Ævintýraferðin**
08.00 **Áfram Diego, áfram!**
08.24 **Svampur Sveinsson**
08.49 **Lalli**
08.55 **Rasmus Klumpur og félagar**
09.00 **Kalli á þakinu**
09.25 **Lína Langsokkur**
09.48 **Hvellur keppnisbíll**
10.00 **Ofurhundurinn Krypto**
10.25 **Strumparnir**
10.47 **Stóri og litli**
11.00 **Könnuðurinn Dóra**
11.24 **Mörgæsirnar frá Madagaskar**
11.47 **Ævintýraferðin**
12.00 **Áfram Diego, áfram!**
12.24 **Svampur Sveinsson**
12.49 **Lalli**
12.55 **Rasmus Klumpur og félagar**
13.00 **Kalli á þakinu**
13.22 **Lína Langsokkur**
13.45 **Hvellur keppnisbíll**
14.00 **Ofurhundurinn Krypto**
14.25 **Strumparnir**
14.47 **Stóri og litli**
15.00 **Könnuðurinn Dóra**
15.24 **Mörgæsirnar frá Madagaskar**
15.47 **Ævintýraferðin**
16.00 **Áfram Diego, áfram!**
16.24 **Svampur Sveinsson**
16.49 **Lalli**
16.55 **Rasmus Klumpur og félagar**
17.00 **Kalli á þakinu**
17.22 **Lína Langsokkur**
17.45 **Hvellur keppnisbíll**
18.00 **Ofurhundurinn Krypto**
18.25 **Strumparnir**
18.47 **Stóri og litli**
19.00 **Lukku-Láki**

Könnuðurinn Dóra kl. 07.00, 11.00 og 15.00



### BÍÓSTÖÐIN

12.30 **Heaven is for Real**
14.10 **Algjör Sveppi og dularfulla hótelherbergið**
15.35 **Hysteria**
17.15 **Heaven is for Real** Mögnuð mynd frá árinu 2014 með Greg Kinnear og Kelly Reilly í aðalhlutverkum. Myndin segir sanna sögu ungs drengs sem telur sig hafa heimsótt himnaríki þegar hann var nær dauða en lífi.
18.55 **Algjör Sveppi og dularfulla hótelherbergið**
20.20 **Hysteria** Rómantísk gamanmynd sem segir sögu ungs læknis, Mortimier Granville, sem hefur verið rekinn frá nokkrum spítölum fyrir að ögra aðferðum eldri lækna. Hann fer að starfa með Dr. Dalrymple sem sérhæfir sig í að lækna karlmannslausar konur með ákveðnu mjaðmanuddi. Hinn ungi og aðlaðandi Mortimier er fljótur að laða að sér stóran kúnnahóp og heldur áfram rannsóknum sínum á kynlífssveltum konum með aðstoð frumkvöðla sem hefur þróað tæki sem seinna er nefnt titrari. Þessi uppfinning gerir Mortimier að auðugum manni.
22.00 **Need for Speed**
00.10 **Killers**
01.50 **Redemption**
03.30 **Need for Speed**

### RÚV

17.10 **Akranes í 50 ár**
17.50 **Táknmálsfréttir**
18.00 **KrakkaRÚV**
18.01 **Hopp og hí Sessamí**
18.30 **Ævar vísindamaður III**
19.00 **Fréttir**
19.25 **Íþróttir**
19.30 **Veður**
19.35 **Þú ert hér**
20.00 **Ekki bara leikur**
20.30 **Átök í uppeldinu**
21.15 **Innsæi**
22.00 **Tíufréttir**
22.15 **Veðurfréttir**
22.20 **Landsmót hestamanna 2016**
22.50 **Vitni**
23.40 **Dagskrárlok**

### SJÓNVARP SÍMANS

06.00 **Pepsi MAX tónlist**
08.00 **Rules of Engagement**
08.20 **Dr. Phil**
09.00 **America's Next Top Model**
09.45 **Hotel Hell**
10.35 **Pepsi MAX tónlist**
12.50 **Dr. Phil**
13.30 **Angel From Hell**
13.55 **Top Chef**
14.40 **Melrose Place**
15.25 **Telenovela**
15.50 **Survivor**
16.35 **The Tonight Show with Jimmy Fallon**
17.15 **The Late Late Show with James Corden**
17.55 **Dr. Phil**
18.35 **Everybody Loves Raymond**
19.00 **King of Queens**
19.25 **How I Met Your Mother**
19.50 **Black-ish**
20.15 **Crazy Ex-Girlfriend**
21.00 **Rosewood**
21.45 **Minority Report**
22.30 **The Tonight Show with Jimmy Fallon**
23.10 **The Late Late Show with James Corden**
23.50 **Brotherhood**
00.35 **Chicago Med**
01.20 **Satisfaction**
02.05 **Rosewood**
02.50 **Minority Report**
03.35 **The Tonight Show with Jimmy Fallon**
04.15 **The Late Late Show with James Corden**

### SPORT

07.00 **Víkingur R - Þróttur R**
08.50 **Pepsímörkin 2016**
11.20 **Goðsagnir - Ólafur Þórðarson**
12.10 **Valur - Selfoss**
13.50 **Markaþáttur Pepsídeildar kvenna**
14.55 **Víkingur R - Þróttur R**
16.45 **Pepsímörkin 2016**
18.15 **Goðsagnir - Gummi Ben**
19.05 **Breiðablik - Valur** BEINT
21.10 **Premier League World**
21.40 **ÍBV - FH**
23.30 **Breiðablik - Valur**

### GOLFSTÖÐIN

08.00 **The Open Championship 2016**
11.20 **Golfing World 2016**
12.10 **The Open Championship 2016**
15.30 **Inside The PGA Tour 2016**
15.55 **The Open Championship 2016**
19.15 **Golfing World 2016**
20.05 **Scottish Open**
23.45 **Golfing World 2016**

### ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin




365 heiðrar sögu sjónvarps á Íslandi með stofnun **Myndlykla- og afruglaraminjasafns Íslands (MoAMI)**. Með safninu gefst almenningi kostur á að kynnast sögu allra myndlykla og afruglara sem tengst hafa Stöð 2 og öðrum stöðvum 365, allt frá fyrstu útsendingu árið 1986. Átt þú gamlan afruglara eða myndlykil sem okkur vantar til að fullkomna safnið?

## PHILIPS DESCRETE

Við leitum að fyrsta afruglaranum sem tekinn var í notkun, Philips Descrete. Tækið var tvískipt, nokkuð mikið um sig og dökkt að lit. Reynst hefur erfitt að hafa uppi á þessari gerð afruglara. Fyrir því er einföld ástæða, Philips Descrete reyndist hálfgerður vandræðagripur og var fljótlega skipt út fyrir Tudi 12 sem margir muna vel eftir. Ef þú býrð svo vel að eiga Philips Descrete-afruglara, sennilega aftast inni í geymslu, þá þætti okkur vænt um að fá að tækið til umsjónar.

Fyrir allar nánari upplýsingar geturðu sent okkur tölvupóst á **moami@365.is**

## MoAMI-SAFNIÐ

Senn líður að 30 ára afmæli Stöðvar 2 og af því tilefni langar okkur m.a. til að safna öllum afruglurum og myndlyklum sem hafa tengst sögu okkar á einn stað. Segja má að stofnun safnsins sé öðru fremur táknrænn gjörningur með gamansömum undirtón. Með þessu móti langar okkur að heiðra sögu Stöðvar 2 og annarra stöðva 365 sem hafa stytt landsmönnum stundirnar á þessum þremur viðburðaríku áratugum.

**365** er framsækið fjölmiðla- og fjarskiptafyrirtæki sem veitir lifandi og upplýsandi þjónustu við landsmenn, 365 daga ársins. 365 starfar á öllum sviðum fjölmiðlunar; að sjónvarps- og útvarpsrekstri, blaðaútgáfu og vefmiðlun, auk þess að bjóða fjarskiptaþjónustu, bæði net og farsíma.

Félagið á auk þessa Midi.is sem annast miðasölu á mannfagnaði og viðburði, svo sem á leiksýningar, tónleika, kvikmyndasýningar, íþróttaleiki og fleira. Hjá 365 starfa um 400 manns.

**365**

PIPAR\TBWA / SÍA



**Strákarnir í Stuðlabandinu eru að vonum spenntir fyrir gigginu.** MYND/STUÐLABANDIÐ

# Taka við af Páli Óskari

Hljómsveitin Stuðlabandið mun loka Þjóðhátíð í Eyjum sem fer fram um verslunarmannahelgina líkt og flestir ættu að vita.

Söngvarinn góðkunni Páll Óskar Hjálmtýsson hefur lokað Þjóðhátíð síðastliðin tvö ár en nú er breytt til og Stuðlabandið slær lokatóninn á hátíðarhöldunum. Trommuleikari hljómsveitarinnar, Marinó Geir Lilliendahl, segir þá félaga spennta fyrir hátíðinni og lítast vel á að koma fram á Þjóðhátíð. Þetta er í fyrsta sinn sem Stuðlabandið spilar á Þjóðhátíð en Marinó segist þó hafa sótt dalinn heim nokkrum sinnum. Bandið stígur á svið á eftir Sverri Bergmann og Albatross. Hljómsveitin kemur einnig fram á barnaballi fyrr um daginn svo yngri hátíðargestir ættu að geta sveiflað sér örlítið í takt við tónlistina líka.

Stuðlabandið er skipað þeim Magnúsi Kjartani Eyjólfssyni sem spilar á gítar og syngur, Sigurgeiri Skafta Flosasyni á bassa, Sigþóri Árnasyni á hljómborð, Óskari Kúld Péturssyni á gítar, Stefáni Ármanni Þórðarsyni á kassagítar og Bjarna Rúnarssyni á slagverk auk Marinós sem sér líkt og áður sagði um trommuleikinn.

Marinó lofar góðri stemningu og lofar gestum alvöru íslensku sveitaballi en bandið er þekkt fyrir mikla spilagleði og líflega sviðsframkomu. **– gló**


PALLA-
LEIKUR
BYKO

1. ÞÚ KAUPIR GAGNVARIÐ PALLAEFNI FYRIR 50.000 KR. EÐA MEIRA Á TÍMABILINU 1. JÚNÍ - 19. ÁGÚST 2016.
2. ÞÚ SKRÁIR NÓTUNÚMER OG AÐRAR NAUÐSYNLEGAR UPPLÝSINGAR Á www.byko.is/pallaleikur
3. ÞÚ ERT KOMINN Í POTTINN OG GÆTIR UNNIÐ VEGLEGA VINNINGA!

Vertu með!




Vinningshafar eru kynntir á Facebooksíðu BYKO á hverjum föstudegi frá 22. júlí.

BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN




**Hér sést Jóhanna í vinnugallanum við verkið en til stendur að það verði tilbúið næstkomandi fimmtudag.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Götulistaverk út frá stærðfræðiformúlum

Myndlistarkonan **Jóhanna Ásgeirsdóttir** blandar saman stærðfræði og myndlist í götulistaverki sínu. Markmið þess er að auka aðgengi barna að stærðfræði. Listaverkið er unnið í Skapandi sumarstörfum.

Þetta er ferðalag úr tvívídd í þrívídd. Ég byrja með þríhyrning, margfalda hann, sný honum við og bý til tening. Ég er svolítið að vinna með platónsku formin, þessi grunnform í þrívídd. Þetta er allt í námsefninu," útskýrir myndlistarkonan Jóhanna Ásgeirsdóttir þegar hún er beðin um að greina frá götulistaverki sem hún vinnur nú hörðum höndum við að leggja lokahönd á.

Götulistaverkið er hjá Kópavogsskóla og er hluti af verkefnum Jóhönnu í sumar hjá Skapandi sumarstörfum í Kópavogi þar sem hún hefur starfað í sumar undir listamannsnafninu Fruma. Á veturna stundar hún svo nám í myndlist við New York University. Verkefnið vinnur hún í samstarfi við grunnskólann og er það unnið út frá stærðfræðiformúlum með það að markmiði að auka aðgengi barna að fræðigreininni. „Þetta er bæði götulistaverk sem skreytir skólalóðina og svo erum við líka að stefna að því að búa til námsefni í kringum þetta. Sem myndi þá taka á stærðfræði, rúmfræði og myndlist," segir Jóhanna en hugmyndin er sem sagt sú að börnin læri í gegnum listaverkið. „Svo verð ég líka með kynningu á æðri

**ÞAÐ ER BÚIÐ AÐ VERA DÁLÍTIÐ LÖNG ÞRÓUN HJÁ MÉR AÐ VERA AÐ BLANDA SAMAN STÆRÐFRÆÐI OG MYNDLIST EN ÞAÐ HEFUR ALLTAF VERIÐ TILHNEIGING HJÁ MÉR. ÉG HEF ALLTAF HAFT ÁHUGA Á RAUNVÍSINDUM, ÞAÐ ER BARA ÞAÐ SEM KVEIKIR Í MÉR.**

víddum á tungumáli sem hentar grunnskólabörnum. Það verður um fjórðu víddina og ofar, þetta verður teikning eða skema af fjórðuvíddar teningi."

Jóhanna segist hafa blandað stærðfræði, raunvísindum og myndlist töluvert saman í myndlistarnámi sínu en segir að það sé fyrst núna á eldri árum, þegar skyldunámi í stærðfræði er lokið, sem hún sé að átta sig á því hversu margar skemmtilegar hliðar eru á stærðfræðinni, því þótt hún hafi alltaf haft gaman af henni þá hafi hún líka stundum átt erfitt með hana.

„Það er búið að vera dálítið löng þróun hjá mér að vera að blanda saman stærðfræði og myndlist en það hefur alltaf verið tilhneiging hjá mér. Ég hef alltaf haft áhuga á raunvísindum, það er bara það sem kveikir í mér. Svo hef ég alltaf haft gaman af því að mála, teikna og hanna," segir hún og því liggur kannski beint við að blanda þessum stærstu hugðarefnum saman.

„Ég heyri stundum myndlistarmenn segja að þeir hafi ofnæmi fyrir stærðfræði. Mér finnst það auðvitað skiljanlegt. Ég veit ekki af hverju þetta hentar mér svona vel. Ég hef svolítið greint það þannig að ég hef áhuga á heiminum og það er í raun það sem raunvísindi eru, að finnast alls konar fyrirbæri í náttúrunni og manngerðir hlutir áhugaverðir. Vilja taka þá í sundur, skilja þá, kryfja og vilja skrifa það niður á reglulegan hátt. Þetta er einhver óslökkvandi þorsti fyrir vitneskju og mér finnst hann eiga vel saman við listræna ástríðu fyrir því að skapa," segir Jóhanna.

Til stendur að götulistaverk Jóhönnu verði tilbúið næstkomandi fimmtudag en þá fer fram lokahátíð Skapandi sumarstarfa í Kópavogi. Alls sýna 27 listamenn afrakstur sumarsins og fer dagskráin fram víðsvegar um Kópavogsbæ en hefst klukkan 18.00 í Molanum.

**gydaloa@frettabladid.is**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hafsteinn Hafsteinsson *hafsteinn@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Bryndís Hauksdóttir *bryndis@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*

CITROËN

# HVAÐ Á C4 CACTUS SAMEIGINLEGT MEÐ KAKTUSUM?

CITROËN
C4
CACTUS

VERÐ FRÁ
2.690.000 KR.
STÓRGLÆSILEGUR
300.000 KR.
KAUPAUKI FYLGIR MEÐ
Í TAKMARKAÐAN TÍMA

NÝTTU TÆKIFÆRIÐ




INTERNATIONAL engine of the year awards 2015
Presented by engine technology international magazine

**Kaktusar** eru harðgerðir, lifa á nánast engu og verja sig á snjallan hátt. Það sama á við um Citroën C4 Cactus. Veldu hagnýta hönnun, sparneytni og lágan rekstrarkostnað. Ekkert prjál, einungis hlutir sem skipta máli í dag.

Citroën C4 Cactus er fáanlegur með BlueHdi dísilvél eða nýrri PureTech bensínvél sem nýverið hlaut eftirsótta titilinn vél ársins (International Engine of the Year). Báðar vélarnar sameina frábæra frammistöðu, lága eyðslu og litla koltvísýringslosun.

Citroën C4 Cactus hefur slegið í gegn um allan heim. Glæsilegur kaupauki fylgir með tímabundið. Tryggðu þér eintak.

**Komdu í reynsluakstur**

CRÉATIVE TECHNOLOGIE

citroen.is

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17. Opið á laugardögum frá og með 6. ágúst
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040 I Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050

Brimborg og Citroën áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** **Vísir**

**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


**Bakþankar**


Jóns Sigurðar Eyjólfssonar




## Einokun á orðinu

Leiðtogar og stjórnendur eru óþarflega meðvitaðir um að vinna þeirra er mun auðveldari ef fólkið, sem þeir er að sýsla með, fæst til að þegja. Lausnin á þessu er sú að passa upp á að fólk þetta komist ekki í fjölmiðla. Þess vegna er ljóst og leynt unnið að því að yfirvaldið hafi einokun á orðinu og allir undirmenn og skjólstæðingar verði einsog múlbundnir málleysingjar.

Dæmi um þetta: Útlendingastofnun setti snemmsumars reglur sem banna heimsóknir fjölmiðlamanna til hælisleitenda enda umfjöllunin orðin afar óþægileg. Og nýjar siðareglur RÚV banna starfsfólkinu þar að tala um umdeild mál.

En þessir tilburðir þekkjast líka vel í einkageiranum. Ég hef sem blaðamaður heimsótt fjölmörg fyrirtæki og víðast fundist ég vera að skoða fjós meðan heilaþvegnir almannatenglar leiða mig um sali þar sem mállausir starfsmenn bugta sig á básum. Eitt sinn var ég að vinna að grein um innflytjendur og vissi af ófáum Asíubúum í einu stórfyrirtækinu. Ekki fékk ég að tala við neinn þeirra en almannatengillinn var svo almennilegur að hafa til fyrir mig tvo viðmælendur: annar var hálfur Íslendingur og hinn Svíi.

Það sem auðveldar stjórnendum fyrirtækja líka lífið er að starfsmenn fari ekki að fjasa um laun sín. Því er sett klásúla í samninginn og viti menn, Íslendingar ræða frekar ófarir sínar og afrek í rúminu en að minnast einu orðið á kaupið.

Við erum létt í taumi svo einokun á orðinu er orðin sjálfsögð. Það er líka hægt að réttlæta hana með býsna ódýrum hætti. Yfirvöld bera því til dæmis við að fyrrnefnt bann Útlendingastofnunar sé sett til að vernda friðhelgi einkalífs hælisleitenda. Við trúum þessu enda ekki langt í það að við hættum að hugsa líka.


*Opið allan sólarhringinn* í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka

OPIÐ 24 TÍMA

Iceland

Endalaust 365

NET

1.000 KR.*

ÓTAKMARKAÐ GAGNAMAGN

* Fylgir með völdum tilboðspökkum. Undanskilið er aðgangsgjald og leiga á beini. Nánari upplýsingar á 365.is

1817 | 365.is

BODYPRINT®

NÝ BYLTINGARKENND HEILSUDÝNA



Ein allra besta heilsudýna sem hægt er að fá í dag

**NÝIR BODYPRINT heilsukoddar**

- Stærð 50x70 cm og passar í venjuleg koddaver
- Fæst í 3 stærðum S / M / L - 2 gerðir

**Ný marg-svæðisskipt hönnun sem gefur einstakan stuðning við allan líkamann**

- Bodyprint er með innbyggðan stuðningspúða sem gefur betri stuðning við lágbakið.
- Bodyprint er með mjúkt útskorið axlasvæði sem gefur vel eftir við axlir.
- Bodyprint leitast við að halda hrygg súlu í beinni stöðu og gefur því réttan stuðning við allan líkamann.
- Bodyprint er með nýja sérstaka efnisuppbyggingu sem skapa henni sérstöðu.
- Bodyprint er með nýja sterkari þrýstijöfnunar - efnablöndu sem endist lengur og mótast betur að líkamanum.
- Bodyprint er með nýjan opnari efniseiginleika sem gerir það að verkum að hún andar miklu betur. (Svitnar síður).
- Bodyprint aðlagast svo til samstundis að líkamanum og tryggir betra blóðflæði. Þú nærð því dýpri og betri svefni. Auðvelt er að snúa sér á heilsudýnunni.
- Bodyprint er með nýju mjög teigjanlegu og náttúrlegu Tencel áklæði, sem andar vel og hrindir frá sér raka þ. e. heldur sér þurru.
- Ofnæmisprófað. Engar bakteríur. Má þvo á 60°.



**BODYPRINT heilsudýnur á Reverie® stillanlegum rúmbotni**



RECOGNIZED FOR EXCELLENCE WOMEN CERTIFIED®

**Verðdæmi**

3E 2x90x200 verð 549.900.-
7S 2x90x200 verð 649.900.-

Vönduð stillanleg heilsurúm með okkar bestu heilsudýnum

12 mán. vaxtalausar greiðslur*

**ÚTSALA á eldri Bodyprint og VELDA heilsudýnum.**

**TAKMARKAÐ MAGN**

Svefn & heilsa ★★★★★

**Fimm stjörnu verslun**



Baldursnesi 6 - Akureyri



Listhúsið - Reykjavík

**Listhúsinu Laugardal** - Sími 581 2233
**Baldursnesi 6, Akureyri** - Sími 461 1150
Opið virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00

**www.svefn.is**

Umboðsaðilar: Húsgagnaval - Höfn í Hornafirði | Lúxus húsgögn - Egilsstöðum